



**Lögbundin útskipti og útboð á
endurskoðunarþjónustu
Kristín Jónsdóttir**

B.Sc. í viðskiptafræði

Vor 2015
Leiðbeinandi:
Lúðvík Þránínsson

Kristín Jónsdóttir
Kt. 080588-2089
Viðskiptafræði

Formáli

Rannsókn þessi er unnin sem hluti af B.Sc. gráðu í viðskiptafræði við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík vorið 2015. Leiðbeinandi rannsóknarinnar er Lúðvík Þráinsson, endurskoðandi hjá Deloitte, og þakka ég honum fyrir gott samstarf. Bestu þakkir fá þeir stjórnarmenn sem gáfu sér tíma til þess að taka þátt og svara spurningalista sem notaður var í niðurstöðum rannsóknarinnar. Einnig þakka ég þeim tveimur endurskoðendum sem gáfu sér tíma fyrir símaviðtal við gerð rannsóknarinnar. Ég vil sérstaklega þakka Ómari Gunnari Ómarssyni, endurskoðanda, fyrir góðar athugasemdir og áhugaverð sjónarhorn í verkefnið.

Ég vil að lokum þakka fjölskyldu minni fyrir alla hjálpinu, dýrmætan stuðning, tillitsseminu og þolinmæðina sem mér hefur verið sýnd í gegnum ferlið, þá sérstaklega manningnum mínum Heiðari Inga Ólafssyni og móður minni Svanhildi Þengilsdóttur fyrir endalausa hvatningu og einskæra þolinmæði þegar á reyndi.

Verkefni þetta má hvorki afrita né endurprenta nema með leyfi höfundar.

Kópavogur 1. maí 2015

Kristín Jónsdóttir

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	1
1 Inngangur.....	2
2 Fræðilegur hluti.....	2
2.1 Hvað er endurskoðun?	3
2.1.1 Endurskoðandi	4
2.1.2 Óhæði.....	5
2.1.3 Hlutverk og ábyrgð endurskoðanda	6
2.1.4 Áritanir endurskoðenda.....	7
2.1.5 Einingar tengdar almannahagsmunum og endurskoðunarnefndir	7
2.2 Lögbundin útskipti	9
2.2.1 Löggjöf Evrópusambandsins um lögbundin útskipti	10
2.2.2 Íslensk löggjöf um lögbundin útskipti	11
2.2.3 Áhrif lögbundinna útskipta á óhæði.....	12
2.2.4 Áhrif lögbundinna útskipta á gæði.....	14
2.2.5 Áhrif lögbundinna útskipta á kostnað	15
2.2.6 Heildaráhrif af lögbundnum útskiptum.....	19
2.3 Útboð á endurskoðunarþjónustu	19
2.3.1 Lög um framkvæmd útboða.....	20
2.3.2 Útboðsferli og bestu venjur.....	21
2.3.2.1 Ferlið	21
2.3.2.2 Undirbúningur.....	22
2.3.2.3 Forval bjóðenda	23
2.3.2.4 Val matsþátta	24
2.3.2.5 Val og skipti endurskoðanda.....	25
3 Rannsókn.....	26
3.1 Aðferð	26
3.1.1 Rannsóknaraðferð	26
3.1.2 Þátttakendur	27
3.1.3 Mælitæki	28
3.1.4 Framkvæmd	30
4 Niðurstöður	31
5 Umræður	39
Rannsóknarspurning 1	39

Rannsóknarspurning 2	40
Heimildaskrá	42
Viðauki A: Spurningalisti til stjórnarmanna	46
Viðauki B: Viðtal við löggilta endurskoðendur	49
Viðauki C: Fylgibréf með spurningalista til stjórnarmanna	51

Myndaskrá

Mynd 1. Notendur ársreikninga	3
Mynd 2. Væntingar endurskoðunarfyritækja um aukinn markaðskostnað sem hlutfall af fyrsta árs þóknun	16
Mynd 3. Væntingar um aukna þóknunar á upphafsári umfram aukningu þóknana næstu ára á eftir	17
Mynd 4. Væntingar F1000 fyrirtækja um valkostnað sem hlutfall af fyrsta árs þóknun	17
Mynd 5. Væntingar F1000 fyrirtækja um stuðningskostnað sem hlutfall af fyrsta árs þóknun	18
Mynd 6. Vegvísir að útboðsferli samkvæmt Félagi evrópskra endurskoðenda	22
Mynd 7. Útboð að undangengnu vali	31
Mynd 8. Ástæður fyrir notkun útboða	32
Mynd 9. Form útboða	33
Mynd 10. Ráðandi þættir við val á endurskoðunarfyritæki	34
Mynd 11. Form tillögu við val á endurskoðunarfyritæki	35
Mynd 12. Útskiptireglur	35
Mynd 13. Lögbundin útskipti hjá einingum tengdum almannahagsmunum	36
Mynd 14. Árafjöldi til viðmiðunar í lögbundinni útskiptingu	37
Mynd 15. Lágmarksráðningartími	37

Töfluskrá

Tafla 1. Verkefni endurskoðunarnefnda samkvæmt lögum	8
Tafla 2. Lönd sem hafa innleitt lögbundna útskiptingu fyrir árið 2005	10
Tafla 3. Bestu venjur við framkvæmd útboða	21
Tafla 4. Matsþættir sem horfa skal til við val á nýju endurskoðunarfyritæki	24
Tafla 5. Þær einingar sem valdar voru til þátttöku í rannsókninni	27
Tafla 6. Þema spurningalista fyrir stjórnarmenn	28
Tafla 7. Þema viðtals við endurskoðendur	29

Útdráttur

Þessari ritgerð er ætlað að skoða hvernig lögbundin útskipti endurskoðunarfyrirtækja snúa að einingum tengdum almannahagsmunum með áherslu á hvort verið sé að nota útboð að undangengnu vali á nýju endurskoðunarfyrirtæki. Þó nokkur umræða hefur átt sér stað um útboð í endurskoðunarþjónustu á síðustu misserum. Hvað felur það í sér þegar fyrirtæki gefa endurskoðunarfyrirtækjum kost á að bjóða í verkefnið? Augljósa svarið gæti verið til þess að fá sem besta verðið en annað gæti verið að einingar sem tengdar eru almannahagsmunum vilji sýna samfélagslega ábyrgð, auka gagnsæi og velja hagkvæmasta tilboðið fyrir verkið. Skoðaðir verða þeir þættir sem horft er til þegar kemur að vali á nýju endurskoðunarfyrirtæki og má meðal annars nefna; gæði endurskoðunar, kostnað við endurskoðun, stærð endurskoðunarfyrirtækis, ímynd og orðspor. Einnig var kannað viðhorf til hámarks- og lágmarksráðningartíma endurskoðunarfyrirtækja.

Rannsóknin byggir á meginðlegum og eigindlegum aðferðum, annars vegar á spurningalista sem sendur var stjórnarmönnum sextán eininga tengdum almannahagsmunum og hins vegar viðtölum við tvo löggilta endurskoðendur.

Helstu niðurstöður benda til þess að allflestar aðspurðar einingar styðjist við lokað útboð að undangengnu vali á nýju endurskoðunarfyrirtæki og 85% svarenda meta það svo að lögbundin útskipti endurskoðunarfyrirtækis eigi að vera til staðar hjá einingum tengdum almannahagsmunum. Skiptar skoðanir eru þó milli þátttakenda um árafjölda í lögbundinni útskiptingu og er dreifing nokkuð jöfn milli fimm, sjö og tíu ára sem hámarks ráðningartíma. Viðtöl við endurskoðendur leiddu í ljós að báðir töldu gagnlegt að nota útboð við val á endurskoðunarfyrirtæki og töldu ekki að notkun útboða væri ókostur ef rétt væri að þeim staðið. Þeir eru einnig sammála um að einingar tengdar almannahagsmunum eigi að hafa lögbundna útskiptingu, en hafa hvor sína skoðun varðandi árafjölda útskipta og nefna bæði fimm og tíu ár.

1 Inngangur

Ritgerðin skiptist í fimm kafla auk heimildaskrár og viðauka. Annar kafli lýtur að þeim fræðilega bakgrunni sem rannsóknin er byggð á og nær umfjöllunin yfir endurskoðun almennt, lögbundna útskiptingu og regluverk því tengdu, útboð, tegundir útboða og bestu venjur við útboðsferlið. Aðferð rannsóknarinnar er kynnt í þriðja kafla, niðurstöður í þeim fjórða og umræður er svo efni fimmta kaflans.

Þegar fjallað er um endurskoðanda, endurskoðunarteymi eða endurskoðunarfyrtæki er ávallt átt við ytri aðila endurskoðunar eða þann aðila sem hefur það verkefni að endurskoða ársreikning eða árshlutareikning einingarinnar. Einnig eru til umfjöllunar fyrtæki eða einingar tengdar almannahagsmunum, en það eru viðskiptabankar, tryggingafélög, skráð félög og lífeyrissjóðir. Með hugtakinu „skráð félög“ er átt við íslensk fyrtæki skráð á hlutbréfamarkað.

Markmið rannsóknarinnar er að skoða lögbundin útskipti endurskoðunarfyrtækja hjá einingum tengdum almannahagsmunum, bera saman íslenska og evrópska löggjöf og skoða áhrif lögbundinna útskipta. Í ljósi tíðari skipta á endurskoðunarfyrtækjum samhliða lögbundnum útskiptum er einnig skoðað hvort stuðst sé við útboð að undangengnu vali á nýju endurskoðunarfyrtæki og hverjar séu bestu venjur í slíku ferli. Til að leita svara við markmiðum rannsóknarinnar voru settar fram tvær rannsóknarspurningar sem að svara:


- Er rétt að lögbinda útskipti endurskoðunarfyrtækja hjá einingum tengdum almannahagsmunum og til hvaða tímaramma er rétt að horfa í þeim efnum?
- Styðjast einingar tengdar almannahagsmunum við útboð að undangengnu vali á endurskoðunarfyrtæki og til hvaða þátta er horft í slíku vali?

2 Fræðilegur hluti

Í fræðilegum bakgrunni er unnið úr þeim heimildum sem lagðar eru til grundvallar við gerð rannsóknarinnar. Heimildaleit fór fram í gegnum ýmis gagnasöfn á rafrænu formi.

2.1 Hvað er endurskoðun?

Íslensk félög sem eru bókhaldsskyld leggja fram ársreikninga ár hvert í þeim tilgangi að auka gagnsæi upplýsinga og að auki til að upplýsa notendur ársreikninga um afkomu félagsins og fjárhagslega stöðu þess (Ómar Gunnar Ómarsson, 2015). Notendur ársreikninga og annarra fjárhagsupplýsinga félaga geta verið margir, til dæmis núverandi og nýir mögulegir fjárfestar, eigendur, stjórnendur, lánadrottinnar, viðskiptavinir, starfsmenn, opinberir aðilar og samkeppnisaðilar (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011a).



Mynd 1. Notendur ársreikninga

Ársreikningar félaga eru svo endurskoðaðir af óháðum aðila, en í lögum um endurskoðendur nr. 79/2008 segir í I. kafla, 1.gr., skilgreiningar að:

„Endurskoðun: Óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda um áreiðanleika þeirra og framsetningu í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur eða önnur skilyrði sem fram koma í álitargerðinni“.

Til viðbótar þessu má skilgreina endurskoðun sem kerfisbundinn feril af hlutlægri öflun og mati gagna er varða staðhæfingar um efnahagslegar aðgerðir og atburði til að ganga úr skugga um samsvörun milli staðhæfinga og settra viðmiða ásamt framsetningu niðurstaðna til áhugasamra notenda (Eilifsen, Messier, Glover og Prawitt, 2014). Viðfangsefni

endurskoðunar geta verið ólík og fer tegund endurskoðunar alfarið eftir eðli starfsemi fyrirtækisins hverju sinni. Endurskoðun er mat á ákveðnu viðfangsefni með það í huga að gefa álit á hvort um skýra og rétta framsetningu sé að ræða (PwC, 2015). Mikilvægt hlutverk endurskoðunar er að skapa og stuðla að trausti í viðskiptum og þar af leiðandi er nauðsynlegt að fyrirtæki landsins noti rétta aðila við endurskoðun reikningsskila. Að hann sé óháður fyrirtækinu á allan hátt og hvergi sé hægt að finna hagsmunatengsl á milli endurskoðanda fyrirtækis og hagaðila (PwC, 2015).

2.1.1 Endurskoðandi

Hlutverk endurskoðandans hefur breyst umtalsvert í áranna rás en áður fyrir störfuðu endurskoðendur sem hluti af fyrirtækinu, gættu hagsmuna eigenda þeirra og gengu úr skugga um að starfsmenn eða aðrir væru ekki að draga að sér fé (Stefán Svavarsson, 2010). Endurskoðun reikningsskila er sjálfstæð athugun sem er framkvæmd af einstaklingi faglega hæfum á sínu sviði sem ber starfsheitið endurskoðandi (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011a). Í lögum nr. 79/2008 sem fjalla um endurskoðendur kemur fram í I. kafla laganna, 1. gr., skilgreining:

„Endurskoðandi: Sá sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum, hefur löggildingu til starfa við endurskoðun og fullnægir að öðru leyti skilyrðum laga þessara“.

Endurskoðandi er aðili sem ávallt er hlutlaus og getur gefið umsögn um hvort réttri framsetningu sé fylgt við gerð ársreikninga ásamt því að segja til um áreiðanleika þeirra (Stefán Svavarsson, 2010). Til þess að einstaklingur geti starfað sem löggiltur endurskoðandi þarf hann að uppfylla strangar kröfur sem útlistaðar eru nákvæmlega í lögum um endurskoðendur. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur heimild til að veita löggild réttindi til endurskoðunarstarfa (*Lög um endurskoðendur* nr. 79/2008). Löggiltir endurskoðendur þurfa að hafa lokið viðurkenndu meistaranámi í endurskoðun og reikningsskilum og að því loknu staðist sérstakt löggildingarpróf. Þar að auki þarf þriggja ára starfsreynslu, að lágmarki, við endurskoðun ársreikninga og annarra reikningsskila undir væng fagaðila hjá endurskoðunarfyrirtæki (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011a; *Lög um endurskoðendur*). Þessu til viðbótar kemur fram í sömu lögum að einstaklingur sem óskar eftir starfsheitinu löggiltur endurskoðandi skuli hafa lögheimili hér á landi, vera lögráða, hafa hreint mannorð og hafa starfsábyrgðartryggingu (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011a). Endurskoðendum ber að inna starf sitt af hendi, lögum samkvæmt, því sem samræmist alþjóðlegum

endurskoðunarstöðlum (*International Standards on Auditing*) ásamt alþjóðlegum stöðlum um gæðaeftirlit (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011a). Endurskoðendum ber skylda til að vera félagar í fagfélagi sinnar stéttar sem kallast Félag löggiltra endurskoðenda, eins og skýrt er frá í 12. gr. laga um endurskoðendur. Hefur félagið það hlutverk meðal annars að framþróun í endurskoðun sé í hávegum höfð og að setja upp námskeið sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til endurmenntunar löggiltra endurskoðenda. Í þeim málum sem falla á endurskoðunarstéttina kemur Félag löggiltra endurskoðenda fram fyrir hönd þeirra endurskoðenda er málið varðar (*Lög um endurskoðendur*). Markmiðið með endurskoðun er annars vegar eftirlit með framsetningu ársreikninga með hliðsjón af reikningsskilareglum og hins vegar að hindra hugsanlega hagsmunaaðrekstra milli fyrirtækja og þeirra sem nota ársreikninga (Ómar Gunnar Ómarsson, 2015). Hjá skráðum félögum og öðrum félögum sem hafa með almannahagsmuni að gera (*Public Interest Entities, PIE*) er áherslan með framsetningu reikningsskila hluti af því að upplýsa notendur um rekstrarárangur og fjárhagslega stöðu einingarinnar (PwC, 2015). Sú venja hefur skapast að daglegur rekstur stærri eininga sé alfarið í höndum stjórnenda fyrirtækisins en ekki hluthafa og annarra hagsmunaaðila og því er lykilatriði fyrir alla hagaðila að fagaðili sem uppfylli óhæðiskröfur félagsins að öllu leyti geti gefið hlutlaust og áreiðanlegt mat sitt á þeim fjárhagsupplýsingum sem frá fyrirtækinu koma (PwC, 2015).

2.1.2 Óhæði

Grundvöllur endurskoðunar byggir á að hagsmunaaðilar fyrirtækja, hluthafar og aðrir hagaðilar, geti lagt traust á starfandi endurskoðunarfyrirtæki og vinnu endurskoðunarteymis hverju sinni (PwC, 2015). Þegar fjallað er um óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis er ávallt tiltekið að sá er gegnir endurskoðunarverkefni fyrir fyrirtæki skuli vera óháður því fyrirtæki sem hann endurskoðar, bæði í reynd og ásýnd. Kafli 290 í siðareglum endurskoðenda tekur á óhæði og segir í grein 290.6 að óhæði feli í sér:

- a) „Óhæði í reynd: Hugarástand sem gerir kleift að látið sé í ljós álit án þess að hafa orðið fyrir áhrifum sem stofna faglegu mati í hættu og gerir því einstaklingi kleift að starfa af heilindum og beita hlutlægni og faglegri dómgreind“.
- b) „Óhæði í ásýnd: Fordast tengsl og aðstæður sem hafa svo mikla þýðingu að óvilhallur og upplýstur þriðji aðili væri líklegur til að álykta, á grundvelli allra staðreynda og aðstæðna, að heilindum, hlutlægni eða faglegri tortryggni, fyrirtækis eða meðlims endurskoðunarteymis hafi verið stefnt í hættu“.

(Félag löggiltra endurskoðenda, 2011b).

Á endurskoðendum eininga tengdum almannahagsmunum hvílir sú skylda ár hvert að tilkynna skriflega óhæði sitt til endurskoðunarnefndar, greina frá innihaldi veittrar endurskoðunar ásamt því að ræða mögulega ógnun við óhæði og hvernig draga megi úr slíkri ógnun (*Lög um endurskoðendur*). Rík áhersla er lögð á það að endurskoðandinn sé óháður félaginu og búi yfir nægjanlegri hæfni og teljast þessir tveir þættir forsenda fyrir því að endurskoðun geti talist góð. Þetta er tekið fram í alþjóðlegu ISA stöðlunum ásamt því að sú skylda er lögð á herðar endurskoðanda að tryggja að hann, ásamt þeim sem í endurskoðunarteyminu eru, uppfylli þessa þætti áður en hann tekur að sér nýtt endurskoðunarverkefni (Ómar Gunnar Ómarsson, 2015). Í grein Jóns Rafns Ragnarssonar frá árinu 2009 segir að „óhæði endurskoðanda sé grundvallarforsenda þess að samfélagslegt virði sé í endurskoðun reikningsskila“. Aðeins er möguleiki á, fyrir notendur reikningsskila, að meta óhæði í ásýnd því óhæði í reynd er fremur huglægur þáttur sem erfitt getur verið að leggja mat á (Jón Rafn Ragnarsson, 2009). Ótvírætt er að endurskoðandinn stendur frammi fyrir ákveðnum vanda þegar kemur að því hver greiðir launin hans. Fyrirtækið greiðir laun endurskoðandans og af þeim sökum getur myndast ákveðið hagsmunasamband milli þeirra þar sem upp gæti komið sú staða að endurskoðandinn hefði hvata til þess að gera það sem nauðsynlegt er til að fá greitt fyrir vinnu sína (Jón Rafn Ragnarsson, 2009). Félag löggiltra endurskoðenda gefur út siðareglur fyrir endurskoðendur og er þeim lögum samkvæmt eins og áður hefur verið nefnt, skylt að fylgja þeim í hvívetna í starfi sínu. Siðareglurnar hafa að geyma ítarlegan kafla um óhæði og gilda þar strangar reglur sem starfsstéttin þarf að fara eftir (Margret G. Flóvenz, 2009).

2.1.3 Hlutverk og ábyrgð endurskoðanda

Á 20. öldinni breytast áherslur í störfum endurskoðenda hvað varðar eftirlit með eignum og misferli en fyrir þann tíma töldu þeir sig ekki bera ábyrgð á slíku (Stefán Svavarsson, 2010). Í dag er hlutverk og ábyrgð endurskoðenda í starfi ákvarðað með lögum og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (Margret G. Flóvenz, 2009) og skulu þeir í hvívetna fylgja lögum um endurskoðendur ásamt siðareglum sem Félag löggiltra endurskoðenda, í samráði við endurskoðunarráð, gefur út. Endurskoðendur eiga að staðfesta ársreikninga og er það hlutverk þeirra og sú ábyrgð sem þeir bera felst í því áliti sem þeir gefa á ársreikningnum (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011a). Ábyrgð endurskoðandans er fólgin í því að skipuleggja og framkvæma endurskoðunina svo að hún uppfylli kröfur þeirra endurskoðunarstaðla sem unnið er eftir og að nægjanleg gögn séu til staðar sem stutt geta við álit endurskoðandans á reikningsskilunum (PwC, 2015). Endurskoðandinn hefur það hlutverk að gefa bæði

áreiðanlegt og hlutlaust álit á reikningsskilum. Í álitum hans felst sú staðfesting að birtar upplýsingar séu nægjanlegar og áreiðanlegar með tilliti til settra reikningsskilareglna (Margret G. Flóvez, 2009). Endurskoðandinn þarf engu að síður að vera meðvitaður um að misferli geti átt sér stað og hann sé þá ábyrgur fyrir áhrifum rangfærðra reikningsskila teljist það hafa áhrif á efni þeirra (Stefán Svavarsson, 2010).

2.1.4 Áritanir endurskoðenda

Eftir að endurskoðandi hefur lokið vinnu sinni á efni reikningsskila setur hann fram álit sitt í formi áritunar (Margret G. Flóvenz, 2009; Stefán Svavarsson, 2010). Form og framsetning áritunar er mjög staðlað svo um samræmi sé að ræða á milli þeirra sem gefa út áritanir. Tilgangurinn er sá að auka trúverðugleika og gagnsæi reikningsskilanna og stuðla að betri skilningi lesenda sem eiga að geta treyst því að heildarmyndin sé réttvísandi (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011a; Stefán Svavarsson, 2010). Tegundir áritunar eru fimm; fyrirvaralaus áritun, fyrirvaralaus áritun með ábendingarmálgrein, áritun með fyrirvara, áritun án álits og neikvætt álit.

Fyrirvaralaus áritun er sú algengasta. Þá er það mat endurskoðandans að ársreikningur félagsins gefi glögga mynd af rekstrarhæfi félagsins, það er efnahag, rekstri og sjóðstreymi. Fyrirvaralaus áritun með ábendingarmálgrein er gefin út þegar endurskoðandinn telur að reikningsskilin gefi glögga mynd af rekstri félagsins, það er ábendingin hafi ekki áhrif á áritun endurskoðandans og fyrirvaralaus áritun væri vel við hæfi, en hann lítur svo á að nauðsynlegt sé að benda lesendum reikningsskilanna á ákveðið atriði í ársreikningnum og setur því sérstaka ábendingarmálgrein í áritunina. Áritun með fyrirvara er sett fram þegar talið er að ársreikningur gefi glögga mynd af afkomu félagsins fyrir utan þá liði sem fyrirvarinn fjallar um. Ef um er að ræða áritun án álits þá hefur endurskoðandinn orðið fyrir það mikilli takmörkun í ferli endurskoðunar að hann hefur ekki getað aflað sér nægjanlegra gagna og getur því ekki gefið álit á reikningsskilunum. Endurskoðandi sem gefur neikvætt álit á ársreikningi félags telur að ársreikningur gefi ekki glögga mynd af afkomu, efnahag, rekstri og sjóðstreymi félagsins (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011a).

2.1.5 Einingar tengdar almannahagsmunum og endurskoðunarnefndir

Skilgreining á einingum tengdum almannahagsmunum er í fjórum liðum samkvæmt lögum um endurskoðendur og er að finna í 1. gr. laganna.

- a) „Lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum“.
- b) „Lífeyrissjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi“.
- c) „Lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki“.
- d) „Félag sem hefur starfsleyfi til að reka váttryggingastarfsemi hér á landi samkvæmt lögum nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi“.

(Lög um endurskoðendur).

Til lánastofnana eins og vísað er til í ofangreindri töflu teljast viðskiptabankar, sparissjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki (*Lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002*).

Félög tengd almannahagsmunum eru skyldug að hafa starfandi endurskoðunarnefnd. Nefndin þarf að vera skipuð þremur aðilum sem eru óháðir endurskoðanda félagsins ásamt því að meirihluti þeirra sem eiga sæti í nefndinni þurfa að vera óháðir félaginu (*Lög um ársreikninga*). Hlutverk endurskoðunarnefndar eru fjölþætt og eru talin upp í töflu 1 eins og þau koma fram í lögnum.

Tafla 1. Verkefni endurskoðunarnefnda samkvæmt lögum.

1	Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2	Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
3	Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
4	Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
5	Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

(Lög um ársreikninga).

Á vef Landsbankans má finna skilgreint hlutverk endurskoðunarnefndar bankans en verkefni nefndarinnar eru margþætt. Fyrst og fremst er henni ætlað að tryggja gæði ársreikninga og óhæði starfandi endurskoðanda. Einnig að fylgjast með vinnuferlum við gerð reikningsskila og sjá til þess að innra eftirlit sé virkt. Þessu til viðbótar hefur endurskoðunarnefnd eftirlit með endurskoðun ytri endurskoðanda ásamt því að meta óhæði hans og síðast en ekki síst kemur það í hlut nefndarinnar að setja fram tillögur um val á nýju endurskoðunarfyrirtæki til bankaráðs þegar skipti á ytri endurskoðanda eiga sér stað (Landsbankinn hf., e.d.).

Váttryggingafélag Íslands, VÍS, hefur skráð hlutverk endurskoðunarnefndar á vefsíðu sinni. Hlutverk nefndarinnar svipar að mestu leyti til hlutverka endurskoðunarnefndar

Landsbankans og á nefndin að sjá um mat á óhæði ytri endurskoðanda og tryggja gæði í ársreikningum og öðrum fjárhagsupplýsingum VÍS. Meginhlutverk nefndarinnar er eftirlit og á hún að hafa eftirlit með ferlum við reikningsskilagerð ásamt eftirliti þegar kemur að innra eftirliti og innri endurskoðun félagsins, áhættustýringu, endurskoðun á ársreikningi, samstæðureikningi og öðrum fjárhagsupplýsingum sem frá félaginu koma. Við má bæta að nefndin sér um að setja fram tillögur um val endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækis til stjórnar sem tekur svo endanlega ákvörðun (VÍS, 2015).

Þrátt fyrir að aðeins sé tæpt á hlutverki tveggja endurskoðunarnefnda má sjá sams konar verklagsreglur á vefsíðum annarra eininga tengdum almannahagsmunum.

2.2 Lögbundin útskipti

Hugtakið lögbundin útskipti (*mandatory rotation*) er ekki nýtt af nálinni og hefur verið í umræðunni í þó nokkur ár. Hugtakið er skilgreint í Sarbanes-Oxley (*SOX*) löggjöfinni sem takmörkun þess árafjölda sem endurskoðunarfyrtækis getur starfað sem endurskoðandi fyrtækis. Útskipti hafa iðulega tengst umræðu um að bæta gæði endurskoðunar sérstaklega ef tiltrú almennings á vinnu endurskoðenda hefur beðið hnekki (Harris, 2012). *SOX* löggjöfin var sett í Bandaríkjunum árið 2002 í kjölfar stórra og áberandi hneykslismála, eins og Enron og Worldcom, þar sem reikningsskil þóttu ekki gefa skýra og rétta mynd af fjárhag fyrtækjanna þrátt fyrir að hafa verið endurskoðuð (Aslan, 2012). Við undirbúning lagasetningarinnar var meðal annars skoðað hvort rétt væri að setja á lögbundin útskipti endurskoðunarfyrtækis. Niðurstaðan varð sú að skipta ætti um endurskoðanda fyrtækja á fimm ára fresti en ekki væri gerð krafa um skipti á endurskoðunarfyrtækis. Það var hins vegar ákveðið samhliða að „The General Accounting Office (GAO)“ sem í dag heitir „Government Accountability Office“ myndi skoða möguleg áhrif af lögbundnum útskiptum og hvort horfa ætti til þess að festa það í löggjöfina. Á þeim tíma réðst GAO í gerð viðamikillar spurningakönnunar sem leiddi í ljós að yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda færði rök fyrir því að lögbundin útskipti myndu hafa í för með sér teljandi kostnaðarauka á sama tíma og rök með útskiptum voru ekki talin eins sannfærandi (Harris, 2012; General Accounting Office [GAO], 2003).

Í rannsókn Harris frá 2012 er meðal annars rætt um kosti og galla lögbundinna útskipta. Þar kemur fram að þau rök sem helst eru talin mæla með slíku séu að þörf sé á nýrri sýn á ársreikninginn með tilkomu nýrra aðila á nokkurra ára fresti, rjúfa þurfi þau tengsl sem ógna

óhæði endurskoðenda og efla samkeppni á endurskoðendamarkaði. Helstu og veigamestu rökin eru svo að útskiptin auki gæði endurskoðunar. Rökin sem mæla gegn lögbundinni útskiptingu eru helst þau að kostnaður sé meiri en ávinningur, sérfræðipækking muni tapast og yfirsýn minnka með tíðari skiptum sem leitt geti til lakari gæða (Harris, 2012). Fjármálahneyksli eru ekki aðeins bundin við Bandaríkin og því hefur umræðan um lögbundin útskipti átt sér stað um allan heim. Nokkur lönd hafa nú þegar innleitt reglurnar, sjá töflu 2. Meginástæða innleiðingarinnar var að styrkja óhæði endurskoðenda, bæta gæði endurskoðunar og auka samkeppni á endurskoðendamarkaði. Þess má þó geta að Spánn og Austurríki hurfu frá settum reglum, meðal annars vegna kostnaðar (Harris, 2012).

Tafla 2. Lönd sem hafa innleitt lögbundna útskiptingu fyrir árið 2005

Land	Innleiðingarár	Árafjöldi
Ítalía	1974	9 ár
Spánn	1989	9 ár
Suður-Kórea	2003	6 ár
Brasilía	1999	5 ár
Austurríki	2004	6 ár

(Harris, 2012).

2.2.1 Löggjöf Evrópusambandsins um lögbundin útskipti

Umræðan um lögbundin útskipti í Evrópu jókst verulega í kjölfar fjármálakreppunnar árið 2008. Þá höfðu komið fram verulegir galla á evrópska endurskoðendakerfinu og tiltrú fjárfesta og almennings á endurskoðun beðið hnekki (Harris, 2012; Sigurður B. Arnþórsson, 2012). Það er svo árið 2010 sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sendir frá sér tillögur að nýjum tilskipunum og lögum sem snúa að endurskoðendum. Full þörf var talin á að koma á fót stífari regluverki sem meðal annars hefði þann tilgang að auka óhæði endurskoðenda, styrkja eftirlit með endurskoðendum, draga úr fákeppni á markaði og bæta gæði endurskoðunar (Sigurður B. Arnþórsson, 2012). Í apríl 2014 voru samþykktar reglubreytingar hjá Evrópusambandinu sem sneru meðal annars að lögbundinni útskiptingu endurskoðenda. Reglurnar munu taka gildi fyrsta fjárhagsár sem hefst eftir 17. júní 2016. Lögbundin útskipti samkvæmt reglunum ná til félaga sem falla undir skilgreininguna einingar tengdar almannahagsmunum (PricewaterhouseCoopers, 2015a).

Í nýlegu útgefnu efni frá PricewaterhouseCoopers eru eftirtaldar einingar flokkaðar sem einingar tengdar almannahagsmunum:

- a) „Allar einingar sem starfa samkvæmt lögum aðildarríkis og eru skráðar á markað“.
- b) „Allar fjármálastofnanir innan Evrópusambandsins, óháð því hvort þær séu skráðar eða ekki“.
- c) „Öll tryggingarstarfsemi innan Evrópusambandsins, óháð því hvort hún sé skráð eða ekki og óháð hvort um sé að ræða líf-, váttryggingar eða endurtryggingar“.
- d) „Einingar tiltekna af aðildarríki sem PIE, til dæmis rekstur sem telst mjög mikilvægur almenningi sökum tegundar, stærðar eða fjölda starfsmanna“.

(PricewaterhouseCoopers, 2015b).

Samkvæmt reglunum skulu félög sem falla undir ofangreinda skilgreiningu vera bundin lögbundnum útskiptum á endurskoðanda. Lögbundin útskipti skulu eiga sér stað á tíu ára fresti. Heimilt er að lengja þann tímafrest einu sinni um sem nemur tíu árum að loknu útboði og fjórtán árum ef samið er um tvöfalda endurskoðun. Aðildarríkjum er í sjálfvald sett að ákvarða skemmri tíma en sem þessu nemur. Sérákvæði heimilar undantekningu þar sem löggjafi eða eftirlitsaðili getur einu sinni veitt tveggja ára frest á útskiptum í sérstökum og óhefðbundnum aðstæðum sem kalla á slíkt (Félag löggiltra endurskoðanda, 2014). Til viðbótar kröfum um lögbundna útskiptingu endurskoðunarfyrtækja hjá einingum tengdum almannahagsmunum er gerð krafa innan Evrópusambandsins um útskipti á endurskoðanda á að lágmarki sjö ára fresti. Í þessum tilvikum er endurskoðunarfyrtækinu heimilt að halda áfram endurskoðun en endurskoðandi sem undirritar ársreikning skal ekki starfa lengur en sjö ár í senn (Félag löggiltra endurskoðanda, 2014).

2.2.2 Íslensk löggjöf um lögbundin útskipti

Á Íslandi er í gildi tvenns konar löggjöf er varðar einingar tengdar almannahagsmunum. Fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög hafa lögbundin útskipti á fimm ára fresti, þar sem skipta þarf um endurskoðunarfyrtæki (*Lög um fjármálafyrirtæki* nr. 161/2002; *Lög um váttryggingastarfsemi* nr. 56/2010). Í lögum um váttryggingastarfsemi segir í 57 gr., 4. mgr. að:

„Endurskoðanda eða endurskoðunarfélag skal kjósa til fimm ára á aðalfundi. Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfélag fyrr en að fimm árum liðnum frá því að starfstíma skv. 1. másl. lauk. Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. getur váttryggingafélag vikið endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi frá áður en fimm ára kjörtímabili lýkur að fengnu álitu endurskoðendaráðs“.

Það sama kemur fram í lögum um fjármálafyrirtæki og segir í 90 gr., 2 mgr. að:

„Endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki skv. 1. mgr. skal kjósa til fimm ára á aðalfundi fjármálafyrirtækis. Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki fyrr en að fimm árum liðnum frá því að starfstíma skv. 1. másl. lauk. Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. getur fjármálafyrirtæki vikið endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki frá áður en fimm ára kjörtímabili lýkur að fengnu álitni endurskoðendaráðs“.

Að þessu leyti er íslenski lagaramminn mun þrengri en ákvæði Evrópusambandsins (Deloitte, 2014). Hvað aðrar einingar tengdar almannahagsmunum varðar er vísað til hámarks starfstíma endurskoðenda í 20. gr. laga um endurskoðendur og segir í 3. mgr:

„Endurskoðandi sem ber ábyrgð á endurskoðun einingar tengdrar almannahagsmunum skal taka sér hlé frá endurskoðun þeirrar einingar í a.m.k. tvö ár samfelld eigi síðar en sjö árum eftir að honum var falið verkið. Sama gildir um endurskoðendur þeirra dótturfélaga sem hafa verulega þýðingu innan samstæðunnar“.

Í þessum tilvikum er endurskoðunarfyrirtækinu heimilt að halda áfram endurskoðun, líkt og innan ESB, en endurskoðandinn sem undirritar ársreikning skal ekki starfa lengur en sjö ár í senn (Félag löggiltra endurskoðenda, 2014).

2.2.3 Áhrif lögbundinna útskipta á óhæði

Sú staðreynd að þau fyrirtæki sem verið er að endurskoða greiði óbeint laun endurskoðenda og að viðskiptasambandið spanni oft nokkur ár í senn skapar ákveðna hættu á að óhæði endurskoðenda raskist (Aslan, 2012). Í siðareglum Félags löggiltra endurskoðenda frá árinu 2011 kemur meðal annars fram að „þegar sömu háttsettu starfsmennirnir vinna við endurskoðunarverkefni í langan tíma skapast ógnun vegna vinfengis og eigin hagsmuna.“ Þetta vandamál hefur lengi verið þekkt og er einn þáttur í umræðunni um lögbundin útskipti. Óhæði er meðal mikilvægustu þátta í starfi endurskoðenda enda veltur áreiðanleiki og traust á endurskoðuðum reikningum á þeirri forsendu að slíkt sé fyrir hendi (Aslan, 2012). Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum lögbundinna útskipta á óhæði endurskoðenda. Rannsókn Dopuch, King og Schwartz frá árinu 2001 leiddi í ljós að lögbundin útskipti takmarka tengsl milli stjórnenda og endurskoðenda sem leiðir til minna samráðs þeirra á milli. Bent er á að lögbundin útskipti leysi ekki að fullu þetta vandamál þar sem tengslamyndun getur átt sér stað í upphafi viðskiptasambands (Dopuch, King og Schwartz, 2001). Í Dopuch og fleiri (2001) voru einnig könnuð áhrif þess að setja

lágmarksráðningartíma endurskoðunarfyrtækis. Skoðað var hvort slíkt kynni að auka enn frekar óhæði endurskoðenda þar sem ekki væri hætt á að endurskoðendur legðu að veði óhæði á fyrstu árum starfstíma síns í þeirri von um viðhalda ráðningarsambandi fram að lögbundnum útskiptum. Niðurstaða þeirra rannsóknar var sú að þegar lögbundin útskipti væru til staðar bæði ein og sér eða með lögum um lágmarksráðningartíma reyndi síður á óhæði endurskoðenda.

Andmælendur lögbundinna útskipta eru ekki mótfallnir þeim rökum að útskipti auki óhæði endurskoðenda heldur telja þeir að kostnaðurinn sem af þeim hlýst sé meiri en ávinningurinn af slíku (Hussey og Lan, 2001). Í rannsókn Hussey og Lan var framkvæmd könnun á skoðunum breskra fjármálastjóra á ýmsum þáttum endurskoðunar, meðal annars skoðun þeirra á lögbundnum útskiptum endurskoðenda. Sendir voru út 3.000 spurningalistar og voru 776 svör nothæf. Niðurstaðan var sú að rúm 22% voru fylgjandi, rúm 60% voru mótfallin og tæp 18% voru hlutlaus. Fjármálastjórnir töldu að óhæði yrði aukið með lögbundnum útskiptum en að kostnaður og möguleg áhrif á gæði yrðu þess valdandi að heilt á litið væru neikvæð áhrif slíkra laga meiri en ávinningur (Hussey og Lan, 2001).

Áhugavert er að líta til rannsóknar Gietzman og Sen frá 2002 sem skoðaði áhrif lögbundinnar útskiptingar á óhæði og horfði á kosti og galla því tengdu. Í rannsókninni setja þeir upp módel sem greinir og ber saman ábata og kostnað af lögbundnum útskiptum. Niðurstaða þeirra er að þrátt fyrir teljandi kostnað sem fylgir útskiptum þá getur ábatinn verið meiri ef um er að ræða lítinn endurskoðunarmarkað þar sem fáir stórir kunnar vigta hlutfallslega mikið. Í þeim tilvikum er ábati af auknu óhæði meiri en sem nemur kostnaði af tíðari skiptum (Gietzmann og Sen, 2002).

Niðurstöður ofangreindra rannsókna virðast benda til þess að óhæði sé aukið með lögbundinni útskiptingu endurskoðunarfyrtækja. Hins vegar er það óljóst hvort ábatinn sem af auknu óhæði hlýst sé meiri en sá kostnaður sem fylgir tíðari útskiptum. Í grein Hussey og Lan kemur fram sú skoðun fjármálastjóra í Bretlandi að þeir telji ábatann minni en kostnað og benda Gietzmann og Sen einnig á að slíkt sé óljóst og fari eftir markaðsaðstæðum hverju sinni. Áhugavert er að velta upp þeirri spurningu hvort endurskoðunarmarkaður á Íslandi teljist lítill og hvort álykta megi að ávinningur lögbundinna útskipta kunni að vera meiri en kostnaður hér á landi.

2.2.4 Áhrif lögbundinna útskipta á gæði

Einn þeirra þátta sem jafnan er litið til við mat á áhrifum lögbundinnar útskiptingar eru gæði endurskoðunar. Í rannsókn Harris (2012) er bent á að lögbundin útskipti sé einn þáttur sem mögulega bæti gæði endurskoðunar og sérstaklega sé horft til þeirra þátta þegar almenningur hefur misst álit á endurskoðunarfyrtækjum. Í grein DeAngelo frá árinu 1981 eru gæði endurskoðunar skilgreind sem líkur á að endurskoðandi uppgötvi markverðar villur, misvísandi upplýsingar eða skort á þeim og á sama tíma greini skilmerkilega frá slíku (DeAngelo, 1981). Mismunandi er hvernig gæðum endurskoðunar er lýst í fræðigreinum. Ekki er til nein ein samþykkt alþjóðleg skilgreining á gæðum endurskoðunar en engu að síður hefur hugtakið sterk tengsl í umræðunni um lögbundin útskipti (Harris, 2012).

Talsmenn lögbundinna útskipta telja að þeim fylgi aukið óhæði sem leiði af sér aukin gæði endurskoðunar. Þá benda þeir einnig á að aukin samkeppni sem kann að fylgja tíðari útboðum leiði til þess að endurskoðendur keppist við að aðgreina sig með hliðsjón af ólíku þjónustuframboði. Fylgjendur lögbundinna útskipta telja að sökum kunningssskapar við endurskoðað fyrirtæki og tilhneigingu til að nota eldri vinnu við endurskoðun þá séu tíðari útskipti í raun til bóta fyrir endurskoðunarferlið (Jackson, Moldrich og Roebuck, 2008). Andmælendur lögbundinna útskipta telja gæði endurskoðunar síst á fyrstu árum starfstímans. Mestu gæði endurskoðunar komi því ekki fram fyrir en að fenginni ákveðinni reynslu endurskoðandans og eftir að hann hefur byggt upp sérþekkingu á starfseminni og fyrirtækinu sem er endurskoðað (Aslan, 2012).

Í rannsókn Jackson, Moldrich og Roebuck (2008) eru gæði endurskoðunar metin á tvo vegu. Annars vegar er horft til getu endurskoðenda til að gefa út álit á rekstrarhæfi fyrirtækis og hins vegar notkunar valkvæðra tekju- og gjaldfærslna. Niðurstöður leiddu í ljós að gæði endurskoðunar aukast með fastráðningarsambandi viðskiptavinar og endurskoðunarfyrtækis hvað varðar mat á rekstrarhæfi en hafa engin áhrif hvað varðar tekju- og gjaldfærslur. Ef horft er til þess viðbótarkostnaðar sem skiptin hafa í för með sér kemur í ljós að það er lítil, ef þá einhver, ávinningur af slíkum útskiptum. Að því gefnu er niðurstaða þeirra sú að lögbundin útskipti endurskoðunarfyrtækja bæti ekki gæði. Ef einnig er horft til þess kostnaðar sem fellur til í upphafi viðskiptasambands og þeirrar kröfu að fyrirtæki skipti út endurskoðendum er slíkt einungis til þess fallið að leggja ónaúðsynlegan kostnað á báða aðila með litlum eða engum ávinningi (Jackson, Moldrich og Roebuck, 2008). Ef horft er til þeirra gagna sem til eru um áhrif lögbundinna útskipta á gæði endurskoðunar er niðurstaða mikils meirihluta

þeirra sý á að lögbundnum útskiptum fylgi neikvæð áhrif á gæði. Þannig vegi þekking á fyrirtæki og reynsla þyngra en áhrif lengri ráðningartíma á óhæði og þar með gæði. Í rannsókn Harris (2012) á áhrifum lögbundinna útskipta á gæði endurskoðunar var niðurstaðan sú að slíkt hefði jákvæð áhrif. Harris skoðar þrjú lönd þar sem teknar hafa verið upp reglur um lögbundin útskipti endurskoðunarfyrirtækja. Horft er til valkvæðra tekju- og gjaldfærslna fyrir og eftir upptöku reglna um lögbundin útskipti og gæði metin út frá því. Í niðurstöðum Harris er marktækur munur á gæðum og ályktað svo að lögbundin útskipting bæti gæði endurskoðunar.

2.2.5 Áhrif lögbundinna útskipta á kostnað

Þeir sem eru mótfallnir lögbundnum útskiptum telja að talsverður kostnaður fylgi tíðari útskiptum. Í kjölfar setningu Sarbanes-Oxley laganna var GAO falið að skoða frekar áhrif af lögbundnum útskiptum endurskoðunarfyrirtækja. Í þeirri könnun skoðaði GAO meðal annars beinan kostnað sem af slíkri löggjöf myndi hljóta. Við mat sitt á þeim kostnaði sem myndi falla til við lögbundin útskipti var notuð spurningakönnun. Leitað var til þeirra fyrirtækja sem mynda saman Fortune 1000 og auk þess var leitað til 616 endurskoðunarfyrirtækja. Þeim var skipt í flokka eftir því hversu mörg skráð félög voru endurskoðuð af hverri stofu. Ef skráð félög voru tíu eða fleiri þá var endurskoðunarfyrirtækið flokkað sem fyrsta flokks, ef skráð félög voru eitt til níu þá annars flokks og ef engir viðskiptavinir voru skráðir á markað var endurskoðunarfyrirtækið flokkað sem þriðja flokks endurskoðunarfyrirtæki. Könnunin var send á alla fyrsta flokks endurskoðendur en um helmingsúrtak var valið úr hópi annars og þriðja flokks endurskoðenda (GAO, 2003).


Við mat á áhrifum lögbundinna útskipta skipti GAO kostnaði í fimm flokka og spurði endurskoðendur og fyrirtæki hvaða áhrif á kostnað lögbundin útskipti myndu hafa. Flokkar GAO voru eftirfarandi:

- Markaðskostnaður: Kostnaður sem endurskoðunarfyrirtæki yrðu fyrir í tengslum við að þurfa oftast að sækja og viðhalda viðskiptum.
- Endurskoðunarkostnaður: Kostnaður endurskoðunarfyrirtækis við að endurskoða reikninga.
- Endurskoðunargjald: Kostnaður fyrirtækis vegna endurskoðunar.
- Valkostnaður: Kostnaður fyrirtækis við útskipti endurskoðunarfyrirtækis.

- Stuðningskostnaður: Kostnaður fyrirtækis við að aðstoða nýtt endurskoðunarfyrtæki að koma sér inn í og skilja rekstur, kerfi og ársreikninga félagsins.


(GAO, 2003).

Úr hópi fyrsta flokks endurskoðunarfyrtækja töldu 79% aðspurðra að tíðari útboðum, vegna lögbundinna útskipta, fylgdi aukinn markaðskostnaður. Um 67% þátttakenda áætluðu viðbótar kostnað vera yfir 5% af endurskoðunarþóknunum fyrsta árs. Fyrirtækin töldu að slíkur kostnaður myndi lenda á þeim (GAO, 2003).




Mynd 2. Væntingar endurskoðunarfyrtækja um aukinn markaðskostnað sem hlutfall af fyrsta árs þóknun (GAO, 2003)

Yfir 96% þátttakenda úr hópi fyrsta flokks endurskoðunarfyrtækja mátu það svo að kostnaður við endurskoðun á upphafsári væri meiri en á þeim árum sem á eftir kæmu. Ástæða þess kann að vera að upphafsár endurskoðunar krefjist þess að endurskoðunarfyrtæki leggi til viðbótartíma í að skilja rekstur, kerfi og ársreikninga nýs félags. Yfirgnæfandi meirihluti taldi slíkan kostnað vera 20% hærri en á árunum sem á eftir kæmu. Meirihluti endurskoðunarfyrtækja og almennra fyrirtækja töldu endurskoðunarfyrtæki taka á sig slíkan kostnað en að slíkt myndi færast yfir á endurskoðuð félög. Ástæða þess að endurskoðunarfyrtæki tækju á sig slíkan kostnað var sú að þau litu svo á að um væri að ræða fjárfestingu í viðskiptasambandi en slíkt yrði ekki raunin ef lögbundin útskipti yrðu lögfest (GAO, 2003).



Mynd 3. Væntingar um aukna þóknunar á upphafsári umfram aukningu þóknana næstu ára á eftir (GAO, 2003)


Valkostnaður er sá kostnaður sem fylgir því þegar fyrirtæki þurfa að skipta um endurskoðunarfyrirtæki. Um 65% fyrirtækja töldu að slíkur kostnaður yrði að lágmarki 5% af fyrsta árs endurskoðunarþóknun (GAO, 2003).



Mynd 4. Væntingar F1000 fyrirtækja um valkostnað sem hlutfall af fyrsta árs þóknun (GAO, 2003)

Við skipti á endurskoðunarfyrirtæki fellur til viðbótarkostnaður á félagið sem verið er að endurskoða í formi tíma og vinnuframlags við að aðstoða endurskoðunarfyrirtæki í að komast inn í rekstur, kerfi og ársreikningagerð félagsins. Nánast öll Fortune 1000 fyrirtækin telja að

stuðningskostnaður falli til á fyrsta ári og að slíkur kostnaður nemi yfir 10% af fyrsta árs endurskoðunarþóknunum (GAO, 2003).



Mynd 5. Væntingar F1000 fyrirtækja um stuðningskostnað sem hlutfall af fyrsta árs þóknun (GAO, 2003)

Út frá svörum þátttakenda úr hópi fyrsta flokks endurskoðunarfyrirtækja var það mat GAO að endurskoðunarkostnaður myndi aukast um 21-39% af fyrsta árs kostnaði og samsvarandi hlutfall aukins markaðskostnaðar væri 6-11%. Valkostnaður endurskoðaðra félaga var áætlaður 1-14% af kostnaði upphafsárs og samsvarandi hlutfall stuðningskostnaðar var áætlað 11-39%. GAO mat það svo að sá viðbótarkostnaður sem fylgdi lögbundnum útskiptum endurskoðenda myndi aukast um sem næmi 43-128% af fyrsta árs endurskoðunarkostnaði. Niðurstaða úr rannsókn GAO frá 2003 var að talsverður kostnaður myndi falla til ef lögbinda ætti útskipti. Niðurstöður bæði í svörum endurskoðunarfyrirtækja og almennra fyrirtækja voru þessu til stuðnings (GAO, 2003).

Í rannsókn Arrunada og Paz-Ares frá árinu 1997 er gerð tilraun til að meta aukningu í kostnaði með stærðfræðilegri nálgun. Niðurstöður þeirrar rannsóknar eru að kostnaður við endurskoðun eykst með innleiðingu lögbundinna útskipta. Meginástæða aukins kostnaðar er sú að ákveðin eign, það er hugvit, skapast í upphafi endurskoðunar og með tíðari útskiptum þarf í raun að byggja upp þessa eign oftar (Arrunada og Paz-Ares, 1997). Fræðimenn, endurskoðendur og fyrirtæki eru samhljóma um þá skoðun að lögbundinni útskiptingu fylgi viðbótarkostnaður í endurskoðunarferlinu.

2.2.6 Heildaráhrif af lögbundnum útskiptum

Mismunandi skoðanir finnast í fræðunum um lögbundin útskipti. Svo virðist sem fleiri rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið bendi til þess að slíkt hafi neikvæð áhrif á gæði endurskoðunar og feli einnig í sér teljandi kostnað (Cameran, Vincenzo og Merlotti, 2005). Helst væri þannig hægt að telja lögbundnum útskiptum það til tekna að óhæði í reynd og sér í lagi ásýnd virðist aukast í tilvikum lögbundinna útskipta. Það má þó dæma bæði af fræðum og skoðunum fyrirtækja og endurskoðenda að ávinningur lögbundinna útskipta er minni en kostnaður. Þó ávinningur af lögbundnum útskiptum sé vafa undiropinn þá hefur löggjöf verið sett bæði hér á landi og víða erlendis sem gerir kröfu um lögbundin útskipti. Lögbundin útskipti kalla á tíðari skipti endurskoðunarfyrirtækja og því er ljóst að fyrirtæki þurfa að huga að vönduðu ferli við útskipti endurskoðunarfyrirtækja. Greint verður frá ferli útboða við útskipti í næsta kafla og verða kynntar tillögur nokkurra fagaðila að bestu venjum í slíku ferli.

2.3 Útboð á endurskoðunarþjónustu

Útboð á endurskoðunarþjónustu eru í flestum tilfellum lokuð útboð. Talsverð umræða hefur átt sér stað undanfarin ár um notkun útboða við val á endurskoðunarfyrirtækjum. Sú staðreynd að sama endurskoðunarfyrirtæki vinni óslitið í fjölda ára fyrir sama viðskiptavin hefur verið til umræðu og sumir gagnrýnt það fyrirkomulag á þeim grundvelli að það kunnist að draga úr óhæði endurskoðandans. Erlenðis hefur umræðan snúið að því hvort samkeppni á endurskoðunarmarkaði sé mögulega takmörkuð. Þessu til stuðnings hefur verið bent á að „fjórar stóru“ stofurnar það er Deloitte, PricewaterhouseCoopers, KPMG og Ernst&Young voru með 99% af endurskoðunargjöldum greiddum af FTSE100 fyrirtækjum í Bretlandi árið 2010 (Armistead, 2013). Yfirvöld hafa undanfarið verið að setja reglur með það fyrir augum að auka samkeppni og styrkja óhæði og hluti af þeirri viðleitni snýr að því auka tíðni útboða á endurskoðunarþjónustu en um það verður nánar fjallað í kaflanum um lögbundin útskipti.

Auk breytinga á löggjöf hafa sjálfstætt starfandi aðilar eins og FRC (*Financial Reporting Council*) sem vinnur að mótun bestu venja þegar kemur að stjórnarháttum og endurskoðun, einnig lagt til að endurskoðun verði boðin út með reglulegu millibili. Tekið skal fram að þeir telja þó ekki rétt að skylda fyrirtæki til að skipta um endurskoðendur (Financial Reporting Council [FRC], 2013). Þannig hefur orðið til þrýstingur bæði frá fagaðilum og opinberum yfirvöldum um að auka tíðni útboða á endurskoðunarþjónustu. Sú þróun virðist líka eiga sér hljómgrunn innan fyrirtækjanna sjálfra. Dæmi frá Bretlandi sýnir að á tíu ára tímabili fyrir

2011 skiptu einungis fjörutíu af 250 stærstu skráðu fyrirtækjunum um endurskoðendur (FTSE250) og á þriggja ára tímabili milli 2011 og 2014 skiptu 85 fyrirtæki og þar af 46 árið 2014 um endurskoðunaraðila (Proxima, e.d.). Að áliti fagaðila og reglubreytingu yfirvalda virðist þróunin vera í þá átt að almennt eigi að bjóða út endurskoðunarþjónustu með reglubundnum hætti (Sigurður M. Jónsson, 2014).

2.3.1 Lög um framkvæmd útboða

Á Íslandi eru í gildi lög sem fjalla um framkvæmd útboða, nr. 65/1993, og í 2. gr. laganna er skilgreining fyrir hugtakið útboð en þar segir: „Þar sem kaupandi leitar skriflegra, bindandi tilboða í það verk, vöru eða þjónustu sem verið er að bjóða út. Tilboðanna er aflað frá fleiri en einum aðila, samkvæmt sömu upplýsingum og innan sama frests“. Einnig má finna í 2. gr. skilgreiningar fyrir almenn og lokað útboð þar sem segir að almennt útboð sé „útboð þar sem ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefinn kostur á að gera tilboð“ og um lokað útboð segir „útboð þar sem tilteknum aðilum er einum gefinn kostur á að gera tilboð“. Útboð í endurskoðunarþjónustu eru flest lokað (Félag löggiltra endurskoðenda [FLE], 2013). Þegar um ræðir lokað útboð á að senda orðsendingu er varðar útboðið til allra sem gefinn er kostur á að gera tilboð og skal þar fram tekið hverjir mega gera tilboð (*Lög um framkvæmd útboða*, nr. 65/1993). Í 8. gr. laga um framkvæmd útboða er sagt:

„Lesi skal upp nöfn bjóðenda og heildarupphæð tilboðs. Einnig skal lesa upp og skrá kostnaðaráætlun sé þess kostur. Gæta skal þess að lesa alltaf samsvarandi tölur frá öllum bjóðendum. Kaupandi og allir viðstaddir bjóðendur eða fulltrúar þeirra skulu undirrita fundargerð og skal þeim afhent afrit hennar óski þeir þess“.

Ef um lokað útboð er að ræða er tilgreint í 14. gr. laganna að hagkvæmasta tilboðið þurfi ekki endilega að vera það lægsta, en ef framkvæmt er lokað útboð er þeim sem heldur útboðið skylt að taka lægsta tilboðinu eða hafna þeim öllum. Ef lægsta tilboði er ekki tekið, en annað tilboð valið, ber útboðsaðila skylda samkvæmt lögum að tilgreina hvaða ástæður lágu að baki þess tilboði sem tekið var (*Lög um framkvæmd útboða*). Hversu almennt það er að farið sé að ofangreindum reglum er umdeilanlegt og eins og fram kemur í grein Sigurðar M. Jónssonar frá 2014 þá telst það til undantekninga að tilboð séu opnuð í viðurvist bjóðenda eða bjóðendur upplýstir á annan hátt um það hverjir tóku þátt og hvað hver bauð. Það virðist því vera að þrátt fyrir löggjöfina á Íslandi sé framkvæmd útboða að einhverju leyti ábótavant þó teikn séu á lofti um að verið sé að vinna að úrbótum.

2.3.2 Útboðsferli og bestu venjur

Það virðist vera vitundarvakning hérlendis sem og erlendis að þörf sé á tíðari útboðum sem framkvæmd séu á réttan hátt. Til að útboð geti talist gott er nauðsynlegt að vel sé staðið að undirbúningi og að gagnsæis sé gætt í gegnum ferlið (FLE, 2013). Félag löggiltra endurskoðenda (FLE), Financial Reporting Council í Bretlandi (FRC) og Federation of European Accountants (FEE) hafa öll nýlega gefið út leiðbeinandi verklag um bestu framkvæmd útboða á endurskoðunarþjónustu. Hér verða skoðaðir helstu þættir sem tryggja bestu framkvæmd og hvernig lagt er til að verklaginu skuli hagað.

Tafla 3. Bestu venjur við framkvæmd útboða


Federation of European Accountants (FEE)	Financial Reporting Council (FRC)	Félag löggiltra endurskoðenda (FLE)
1. Upplýsingaöflun fyrir útboð	1. Val á tímasetningu	1. Skilgreining hlutverka í ferli
a. Meta þörf á útboði	2. Meta þörf og tilgang	2. Ákvarða markmið útboðs
b. Stofna endurskoðunarnefnd	3. Val bjóðenda	3. Framkvæmd – helstu skref
c. Tryggja gagnsæi ferlis	4. Útboðsferli	4. Dæmi um útboðsáætlun
d. Aðkoma hluthafa	5. Val á endurskoðanda	5. Dæmi um útboðslýsingu
2. Forval bjóðenda	6. Verkstýring skipta	6. Dæmi um matsþætti
3. Val matsþátta við ákvörðun		
4. Röðun mikilvægi matsþátta		

(Federation of European Accountants [FEE], 2013; FRC, 2013; FLE, 2013).

2.3.2.1 Ferlið

Félag evrópskra endurskoðenda (*Federation of European Accountants*) hefur lagt til að ferlinu sé skipt upp í fjóra fasa. Fyrsti fasi felur í sér undirbúning sem byggir á stefnu félagsins og forval á þeim aðilum sem gefinn skal kostur á þátttöku í útboðinu. Í öðrum fasa er horft til þess að útboð sé hafið og þá oft með útsendingu útboðsgagna sem innihalda spurningalista sem snýr að helstu þáttum sem munu ákvarða val. Við fyrstu svörun fer grunnúrvinnsla af stað og fyrsta greining skal þá lögð fyrir stjórn. Í þriðja fasa fara fram fundir með bjóðendum. Í kjölfarið útbýr endurskoðunarnefnd, eða ábyrgðaraðili ferlisins, lista með þeim bjóðendum sem taldir eru hæfastir og er listinn lagður fyrir stjórn til samþykktar. Félag evrópskra endurskoðenda leggur til að listinn sem lagður er fyrir stjórn innihaldi tvo hæfustu bjóðendurna, en tekið er fram sé fjöldi þeirra fleiri en einn skuli taka mið af aðstæðum. Fjórði fasinn felur svo í sér að val stjórnar er lagt fyrir hluthafafund til

samþykktar. Í kjölfarið fer af stað vinna vegna skipta á endurskoðenda og unnið að því að skiptin raski sem minnst starfsemi félagsins (FEE, 2013).



Mynd 6. Vegvísir að útboðsferli samkvæmt Félagi evrópskra endurskoðenda (FEE, 2013)

2.3.2.2 Undirbúningur

Ábyrgð þarf að vera skýr og tilnefna þarf ábyrgðaraðila sem hafa skal yfirumsjón með framkvæmd útboðsins. Setja þarf saman valnefnd sem sér um yfirferð á tilboðum og gerir tillögu að vali (FLE, 2013). Í öllum fyrirtækjum sem teljast einingar tengdar almannahagsmunum eru starfræktar endurskoðendanefndir sem sinna þessu hlutverki.

Tímasetning er mikilvæg af nokkrum ástæðum (FLE, 2013). Mikilvægt er að tilkynnt sé um útboð með nægjanlegum fyrirvara svo þeim aðilum sem vinna að útboðinu gefist tími til að vanda til þeirra verka sem tengjast undirbúningi útboðsins. Þeir sem vilja bjóða í verkið þurfa að hafa rúman tíma til að geta skilað af sér tilboði sem er skýrt og vel undirbúið. Einnig verður að huga að því hvort félagið standi í stórum breytingum eða verkefnum. Sem dæmi má nefna að það sé ekki ráðlegt að skipta um endurskoðanda ef félag hefur hafið undirbúning og vinnu við skráningu á hlutabréfamarkað. Það þarf þannig einnig að huga að tímasetningu og í öðru samhengi við aðstæður í fyrirtækinu hverju sinni (FEE, 2013; FRC 2013).

Þörf og tilgangur útboðs þarf að liggja fyrir. Fjöldi ástæðna kann að grundvalla útboð:

- Góðir stjórnarhættir, til dæmis tryggja sjálfstæði og óhæði.
- Lögbundin krafa.
- Meta núverandi endurskoðunaraðferð.
- Samanburður á þjónustu og verði á markaði.
- Ef stórar breytingar verða á stærð, skipulagi og starfssvæði fyrirtækis.

Skýr tilgangur eykur líkur á skilvirku og vel heppnuðu útboði (FEE, 2013; FRC 2013).

Tryggja þarf gagnsæi ferlisins inn á við. Félagið þarf að hafa skýra upplýsingagjöf milli stjórnar og ábyrgðaraðila ferlisins. Skýra þarf hvað skal haft að leiðarljósi og gróflega hvernig haga skuli ferlinu (FEE, 2013).

Aðkoma hluthafa er stundum talin mikilvæg erlendis en slík aðkoma hér á landi er líklegri í gegnum aðkomu hluthafa í stjórn eða þeirri staðreynd að venjan hér á landi er að bera val á endurskoðenda fyrir aðalfund þar sem hluthafar taka endanlega ákvörðun (FEE, 2013).

2.3.2.3 Forval bjóðenda

Eins og komið hefur fram er viðtekin venja á markaði með endurskoðun að útboð séu lokuð. Í lokuðu útboði skiptir máli að vandað sé til verka við forval þeirra aðila sem fá boð um þátttöku í útboðinu. Félag evrópskra endurskoðenda leggur til að við forval skuli sérstaklega horfa til þátta eins og sjálfstæðis, óhæðis og skuldbindingar við siðferðilega hegðun (FEE, 2013). Financial Reporting Council í Bretlandi leggur til að horft sé til þátta eins og orðspors, landsvæða sem endurskoðunarfyrirtæki starfar á, fyrri reynslu af félaginu hvort sem um endurskoðunarþjónustu eða tengda þjónustu er að ræða og einnig þekkingar á starfsgreininni (FRC, 2013). Þessir þættir koma þá til viðbótar við áður nefnda þætti á borð við sjálfstæði, óhæði og siðferði. Bæði venjur og vegvísar að bestu venjum virðast vísa til þess að forval sé hagkvæm nálgun í útboði á endurskoðunarþjónustu. Ein möguleg ástæða fyrir slíku er sú staðreynd að talsverð vinna fer í ferlið og úrvinnslu tilboða. Eigi ferlið að vera vel unnið og úrvinnslan vönduð kann það að vera til bóta að nýta forval til að einfalda ferlið og gera það skilvirkara (FRC, 2013).

2.3.2.4 Val matsþátta

Miklu máli skiptir að vandað sé til verka við val á matsþáttum og mat á vægi þeirra við val á endurskoðunarstofu. Einnig skiptir miklu máli að ferlið sé bæði skýrt og gagnsætt. Ef ferlið er gagnsætt er jafnræði best tryggt milli aðila sem taka þátt í útboðinu en einnig eykur slíkt getu utanaðkomandi aðila eins og hluthafa, eftirlitsaðila, lánveitenda og fleiri til að meta ferlið og trúverðugleika þess (FEE, 2013).

Bæði Félag evrópskra endurskoðenda og FRC í Bretlandi hafa talið til helstu þætti sem vert er að líta til við val endurskoðanda:

Tafla 4. Matsþættir sem horfa skal til við val á nýju endurskoðunarfyrirtæki

Federation of European Accountants (FEE)	Financial Reporting Council (FCR)	Félag löggiltra endurskoðenda (FLE)
1. Nálgun endurskoðanda í rekstri	1. Reynsla og gæði teymis	1. Endurskoðunarteymi
a. Viðskiptamódel	2. Samsetning teymis	2. Endurskoðunarfyrirtækið
b. Stjórnarhættir	3. Skilningur á fyrirtæki	3. Tæknileg þekking
c. Innri ferlar	4. Skilningur á atvinnugrein	4. Óhæði
2. Aðferð við endurskoðun	5. Aðferðafræði	5. Gæði
a. Aðferðafræði	6. Sambærilegur kultúr	6. Þóknun
b. Áhersla við endurskoðunina	7. Nægt aðgengi að sérfræðingum	
c. Vinnuáætlun	8. Fyrri reynsla af fyrirtæki	
d. Aðkeypt sérfræðipjónusta	9. Alþjóðleg starfsemi ef þörf krefur	
3. Skilningur á starfsemi fyrirtækis	10. Mikilvægi viðskipta	
4. Þekking á atvinnugrein	11. Nálgun hvað varðar sjálfstæði og óhæði	
5. Notkun upplýsingartækni	12. Vel skipulögð vinnuáætlun	
6. Stefna í samskiptum	13. Góð áætlun um skipti	
a. Viðbótar innanhússkýrslur	14. Skýrleiki aðferðarfræði	
b. Aðgengi að „partnerum“	15. Áhersla á gæði	
c. Ferlar til að tryggja tímalínur	16. Geta til að vinna með innri endurskoðun	
7. Orðspor	17. Áhugi á verkefninu	
8. Gæði endurskoðunar	18. Verð	
a. Innanhússgæðaferlar	19. Geta til að breyta verði	
b. Yfirfara dæmi um vinnubrögð		
9. Mat á teymi og „partner“		
10. Landfræðileg viðvera		
11. Verð		
a. Verð samanborið við gæði		
b. Aðgengi lykilaðila í teymi		
c. Reynsla og þekking teymis		
d. Starfsskipting eftir reynslu		
12. Viðskiptasamband og persónur		
13. Geta til nýþróunar		
a. Geta til að bæta ferlið		

(FEE, 2013; FRC, 2013; FLE, 2013).

Að ofangreindu má sjá að fjöldi þátta stýrir vali á endurskoðunarfyrtæki. Í könnun sem Félag evrópskra endurskoðenda framkvæmdi kemur fram að gæði eða orðspor endurskoðunarfyrtækis bæði í reynd og ásýnd skiptir mestu við val á þjónustuaðila. Þekking á starfsgrein var næst mikilvægasti þátturinn í augum þátttakenda og óhæði var talið þriðji mikilvægasti þátturinn. Áhugavert hlýtur að þykja bæði í ofangreindri könnun FEE og einnig í óformlegri athugun FRC að verð var ekki aðal þátturinn við ákvörðun á endurskoðanda (FEE, 2013; FRC, 2013). Þá er sú staðreynd einnig áhugaverð í íslensku samhengi þar sem lög um framkvæmd útboða gera að einhverju leyti ráð fyrir því að verð sé sá þáttur sem hvað mestu ráði.

2.3.2.5 Val og skipti endurskoðanda

Þegar búið er að setja fram til hvaða þátta skuli horft við val á endurskoðanda er þörf á að ákvarða mikilvægi þeirra og vægi við ákvörðunartöku. Þetta ferli, eins og áður hefur verið komið inn á, þarf að vera einfalt, skýrt og gagnsætt gagnvart stjórn og þarf að vera hluti af undirbúningi. Hins vegar er það svo að ekki eru allir þættir sem litið er til við val á endurskoðanda mælanlegir, sumir eru huglægir og því verður endanleg ákvörðun endurskoðunarnefndar, eða ábyrgðaraðila, háð huglægu mati. Huglægir þættir skulu hins vegar vera vel rökstuddir og draga skal úr þeim þáttum eftir bestu getu (FRC, 2013).

Þegar val hefur farið fram og verið samþykkt af hluthafafundi tekur við vinna við skipti á endurskoðanda. Mögulegt er að taka tillit til þessa þáttar í útboðinu sjálfu og þannig óska eftir áætlun frá bjóðendum um hvernig þeir muni haga skiptum og þá með sérstakri áherslu á fyrstu 100 dagana. Þá leggur FRC til að mögulega kunnir það að vera til bóta að skipa ábyrgðaraðila sem stýri skiptunum. Mikilvægt sé fyrir nýjan endurskoðanda að komast sem fyrst inn í verkefnið og einnig er mikilvægt fyrir fyrirtækið að röskun vegna skiptanna verði sem minnst (FRC, 2013).

3 Rannsókn

Framkvæmd var rannsókn með það að markmiði að skoða tvo þætti, viðhorf til lögbundinnar útskiptingar og útskiptireglna og hins vegar hvort stuðst hafi verið við útboð að undangengnu vali á nýju endurskoðunarfyrirtæki. Auk þess var einnig skoðað álit þátttakenda á hámarks- og lágmarksráðningartíma endurskoðunarfyrirtækis hjá einingum tengdum almannahagsmunum. Rannsóknin var annars vegar könnun í formi spurningalista til stjórnarmanna sextán eininga tengdum almannahagsmunum og hins vegar viðtal við tvo löggilta endurskoðendur í því skyni að leita eftir öðrum sjónarmiðum tengdum viðfangsefninu.

3.1 Aðferð

Þessi kafli gerir grein fyrir þeim rannsóknaraðferðum sem beitt var, þeim aðilum sem tóku þátt, mælitækjum sem notuð voru og hvernig rannsóknin var framkvæmd.

3.1.1 Rannsóknaraðferð

Til að nálgast viðfangsefnið á fræðilegan hátt var stuðst við blandaða rannsóknaraðferð, það er hvoru tveggja meginlega (*quantitative*) og eigindlega (*qualitative*) aðferð. Meginlegar rannsóknaraðferðir styðjast helst við töluleg gögn og byggja á öllu sem bæði er hægt að mæla og telja (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Algengasta aðferð innan meginlegra rannsóknaraðferða er könnun sem var notuð við gerð þessarar rannsóknar (Cooper og Schindler, 2008; Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Með spurningakönnunum er hægt að safna saman miklum upplýsingum á stuttum tíma og svo virðist sem sterk tengsl séu á milli þess sem einstaklingar segjast gera og þess sem þeir í raun og veru gera (Þorlákur Karlsson, 2003).

Eigindlegar rannsóknaraðferðir snúa að gögnum sem ekki eru töluleg, en geta hvoru tveggja verið munnleg og skrifleg (Þórunn Þorleifsdóttir, 2008). Eigindleg aðferð tekur á upplifun þess einstaklings sem rætt er við hverju sinni (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Viðtöl sem ekki eru formföst og stöðluð eru tekin og mikilvægt er að viðmælandi fá lausan tauminn til að lýsa sinni upplifun á viðfangsefninu (Þórunn Þorleifsdóttir, 2008). Viðtölin í þessari rannsókn koma að góðum notum til þess að öðlast dýpri skilning hvað viðfangsefnið varðar og fá innsýn í reynslu og þekkingu viðmælanda sem eru löggiltir endurskoðendur.

3.1.2 Þátttakendur

Stjórnarmenn

Við gerð þessarar rannsóknar var aðeins horft til fyrirtækja sem teljast í lögum vera einingar tengdar almannahagsmunum og var spurningalistinn sendur á fyrirfram valda einstaklinga út frá stöðu þeirra innan skilgreindra eininga. Þær einingar voru fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóðir og skráð fyrirtæki og var listinn sendur til þriggja banka, þriggja tryggingafélaga, fimm lífeyrissjóða og fimm skráðra fyrirtækja (utan skráðra tryggingafélaga). Um var að ræða fyrirfram ákveðið val á einingum. Þátttakendur voru stjórnarmenn sextán áður taldra eininga og var einblínt á stjórnarmenn af þeirri ástæðu að þegar kemur að vali á nýju endurskoðunarfyrirtæki er það hlutverk stjórnar að taka endanlega ákvörðun um hvaða endurskoðunarfyrirtæki er valið út frá vinnu endurskoðunarnefndar. Ekki var horft sérstaklega á bakgrunn einstakra þátttakenda, svo sem kyn, aldur eða menntun þeirra, heldur var litið svo á að þátttakendur væru að svara fyrir hönd þeirrar einingar sem þeir eru í forsvari fyrir sem stjórnarmenn. Haft var samband við þátttakendur tölvupóstleiðis og voru nöfn og netföng einstakra stjórnarmanna fundin á netinu.

Tafla 5. Þær einingar sem valdar voru til þátttöku í rannsókninni

Nafn	Tegund	Svar
Arion Banki	Viðskiptabanki	Tvö svör
Eimskip	Skráð félag	Ekkert svar
Gildi lífeyrissjóður	Lífeyrissjóður	Tvö svör
Hagar	Skráð félag	Eitt svar
Íslandsbanki	Viðskiptabanki	Eitt svar
Landsbankinn	Viðskiptabanki	Ónothæft svar
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	Lífeyrissjóður	Ónothæft svar
Lífeyrissjóður Verzlunarmanna	Lífeyrissjóður	Tvö svör
N1	Skráð félag	Eitt svar
Reginn	Skráð félag	Eitt svar
Reitir	Skráð félag	Eitt svar
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	Lífeyrissjóður	Eitt svar
Stapi lífeyrissjóður	Lífeyrissjóður	Tvö svör
Sjóvá-Almennar	Tryggingafélag	Eitt svar
Tryggingamiðstöðin	Tryggingafélag	Eitt svar
Vátryggingafélag Íslands	Tryggingafélag	Eitt svar

Löggiltir endurskoðendur

Viðmælendur rannsóknarinnar eru tveir löggiltir endurskoðendur sem báðir starfa hjá stórum endurskoðunarfyritækjum. Leitað var til þeirra sökum fagþekkingar og reynslu af endurskoðunarstörfum ásamt því að þeim þótti efnistökin áhugaverð og sýndu báðir vilja til samstarfs eftir að rætt hafði verið við þá. Annar endurskoðandinn er búsettur erlendis og starfar hjá KPMG í Svíþjóð og hinn er búsettur hérlandis og starfar hjá Ernst & Young.

3.1.3 Mælitæki

Við gerð rannsóknarinnar var notaður spurningalisti og þar að auki voru tekin tvö viðtöl. Í viðauka A má sjá spurningalista í heild sinni sem sendur var til stjórnarmanna valinna fyrirtækja. Viðauki B sýnir spurningarnar sem lagðar voru fyrir tvo löggilta endurskoðendur í símaviðtali. Eins og greint er frá í inngangi ritgerðar er ætíð vísað til ytri aðila endurskoðunar í öllum tilfellum þar sem fjallað er um endurskoðanda eða endurskoðunarfyritæki í spurningalistanum.

Spurningalisti til stjórnarmeðlima

Spurningalistinn samanstendur af ellefu spurningum. Þær eru í öllum tilfellum lokaðar fjölvalsspurningar, en sjö sinnum er valmöguleikinn „annað, þá hvað?“ hafður með ef svarendur vildu koma á framfæri svári sem ekki var mögulegt að velja. Fjórar spurningar hafa svarmöguleikann „já“ eða „nei“, sex spurningar hafa þrjá til sex svarmöguleika og ein spurning hefur sjö þætti sem þátttakendur gátu raðað í mikilvægisröð, þar sem „1“ var það sem þótti mikilvægast og svo framvegis. Tafla 3 sýnir skiptingu í þemu og fjölda spurninga á bak við hvert þema.

Tafla 6. Þema spurningalista fyrir stjórnarmenn

Þema	Fjöldi spurninga
1. Opnunarspurning	1 spurning
2. Fyrirkomulag á vali endurskoðunarfyritækja	3 spurningar
3. Mat á áhrifaþáttum við val á nýju endurskoðunarfyritæki	2 spurningar
4. Útskiptireglur á endurskoðunarfyritækjum hjá einingum tengdum almannahagsmunum	5 spurningar

Í þema eitt var spurt hvaða endurskoðunarfyritæki starfaði fyrir félagið en var sú spurning eingöngu hugsuð sem inngangur inn í spurningalistann. Annað þemað snýr að fyrirkomulagi við val á endurskoðunarfyritæki og var þá meðal annars spurt hvort útboð hefði verið

frankvæmt að undangengnu vali á nýju endurskoðunarfyrtæki þegar síðustu skipti fóru fram. Þema fjögur snýr að útskiptireglum með áherslu á viðhorf og álit á lögbundinni útskiptingu, hámarks- og lágmarksráðningartíma endurskoðunarfyrtækis. Áður en spurningalistinn var sendur til þátttakenda var hann forprófaður af þremur fagaðilum; löggiltum endurskoðanda, stjórnarmanni fyrirtækis og nefndarmanni í endurskoðunarnefnd lífeyrissjóðs. Þeir voru beðnir að fara yfir listann og koma með ábendingar varðandi uppsetningu, flæði spurninga, skiljanleika og málfar. Tekið var tillit til ábendinga varðandi spurningalistann og í framhaldi voru gerðar endurbætur á honum áður en hann var sendur þátttakendum.

Viðtal við tvo löggilta endurskoðendur

Viðtalið byggir á hliðstæðum spurningalista og sendur var til stjórnarmanna þeirra fyrirtækja sem tilgreind eru í töflu þrjú. Til þess að fá djúpan skilning á viðfangsefninu voru spurningarnar hafðar bæði lokaðar og opnar þar sem viðmælendum var gefinn kostur á að segja álit sitt á þemum spurningalistans sem sjá má í töflu fjögur.

Tafla 7. Þema viðtals við endurskoðendur

Þema	Fjöldi spurninga
1. Fyrirkomulag á vali endurskoðunarfyrtækja	4 spurningar
2. Mat á áhrifaþáttum við val á nýju endurskoðunarfyrtæki	1 spurning
3. Útskiptireglur á endurskoðunarfyrtækjum hjá einingum tengdum almannahagsmunum	7 spurningar

Spurningarnar til viðmælenda voru tólf talsins, helmingur þeirra er lokaðar og helmingur opnar spurningar enda leitast við að ná fram eins nákvæmum svörum og kostur var á hverju sinni. Þema eitt snýr að fyrirkomulagi á vali endurskoðunarfyrtækja, kostum og göllum við notkun útboða í endurskoðunarþjónustu og á hvaða formi útboðin eigi að vera. Þriðja þemað tengist útskiptireglum og viðhorfi á lögbundinni útskiptingu endurskoðunarfyrtækis, hentugum árafjölda útskiptingar og hvort horfa eigi til lágmarkstíma við ráðningu nýs endurskoðunarfyrtækis. Einnig var óskað eftir áliti frá viðmælendum um hvar hagræðið og óhagræðið lægi í lágmarksráðningartíma endurskoðunarfyrtækis ef horft væri til fyrirtækisins annars vegar og endurskoðunarfyrtækisins hins vegar.

3.1.4 Framkvæmd

Framkvæmd meginlega hluta rannsóknarinnar

Spurningalistinn ásamt fylgibréfi, sem finna má í viðauka C, var sendur tölvupóstleiðis til stjórnarmanna. Hver og einn viðtakandi fékk sendan tölvupóst beint á sitt netfang en ekki var um fjöldapóst að ræða. Tekið var fram í fylgibréfi til allra þátttakenda að spurningalistinn væri aðeins sendur á fáa aðila og þannig lögð áhersla á að hvert og eitt svar hefði mikla þýðingu fyrir niðurstöður verkefnisins. Fyrsti tölvupóstur var sendur til ellefu stjórnarmanna, þann 13. apríl. Degi síðar, 14. apríl, var svo póstur sendur til fimm stjórnarmanna í fimm lífeyrissjóðum. Eftir þriggja daga bið höfðu einungis tvö svör borist af sextán þannig að ítrekun var send til allra sem ekki höfðu svarað þann 17. apríl og til viðbótar var spurningalistinn ásamt fylgibréfi sendur til allra þeirra stjórnarmanna sem höfðu aðgengileg netföng. Áfram var lítil svörun, þannig að þriðja ítrekun var send út þann 20. apríl og var þá hver og einn tölvupóstur merktur „kæri/kæra“ og svo nafn viðtakenda og að auki þær upplýsingar látnar fylgja með að aðeins sex svör af sextán hefðu borist og því sérstaklega óskað eftir þátttöku viðkomandi. Þegar þriðji pósturinn hafði verið sendur jókst svörun talsvert og var fjórði og jafnframt síðasti tölvupósturinn sendur til þeirra sem höfðu ekki gefið svar þann 24. apríl. Síðustu svörin bárust laugardaginn 25. apríl en aðeins eitt félag gaf ekki svar, þrátt fyrir fjóra tölvupósta til þriggja stjórnarmanna félagsins. Um leið og svar bárust frá stjórnarmönnum voru þeim sendar bestu þakkir fyrir svörun og þátttöku.


Framkvæmd eigindlega hluta rannsóknarinnar

Rannsakandi fékk ábendingu um áhuga tveggja löggiltra endurskoðenda á aðkomu að rannsóknarverkefninu. Eftir að hafa komist í samband við þá og rætt efnistöð féllust þeir á þátttöku í rannsókninni. Samkomulag náðist um stutt símaviðtal sem tæki um 30 til 40 mínútur. Áður en símaviðtalið fór fram fengu báðir viðmælendur spurningar sendar í gegnum tölvupóst til þess að kynna sér viðfangsefnið betur ef þeir teldu þörf á. Fyrri viðtalið fór fram 21. apríl 2015 og tók um það bil 50 mínútur og seinna viðtalið fór fram 23. apríl og tók um það bil 45 mínútur. Eftir að samtali lauk fengu þeir samantekt viðtals sent til sín í tölvupósti með ósk um að bæta inn í eða lagfæra það sem þeir töldu þörf á. Samantektina sendu þeir til baka degi síðar með leiðréttingum og viðbótum.

4 Niðurstöður

Af þeim sem fengu sendan spurningalistann voru átján stjórnarmenn þrettán eininga sem svöruðu. Í fjórum tilfellum bárust tvö svör frá sömu einingunni og var þá notaður sá spurningalisti sem fyrr barst í hendur rannsakanda. Svarhlutfall meginlega hluta rannsóknarinnar var 81,25%. Í rannsókn þessari voru einnig notuð viðtöl í þeim tilgangi að draga fram annað sjónarhorn á útboði endurskoðunarþjónustu og álitni á lögbundinni útskiptingu endurskoðunarfyrtækja hjá einingum tengdum almannahagsmunum. Farið verður yfir niðurstöður úr rannsókn og viðtölum samhliða þemum viðfangsefnis.

Í **spurningu 2** var kannað hvort stuðst hefði verið við útboð, að undangengnu vali, við síðustu skipti á endurskoðunarfyrtæki.




Mynd 7. Útboð að undangengnu vali

Eins og sjá má á mynd 7 nýta langflestar einingar útboð þegar kemur að skiptum á endurskoðunarfyrtæki, 85% sögðu já og 15% nei.

Viðmælendur viðtala voru sammála um að gagnlegt væri að notast við útboð að undangengnu vali á nýju endurskoðunarfyrtæki. Forsenda þess að nota útboð er að rétt sé að þeim staðið og að þau séu ekki notuð sem óformleg verðkönnun í þeim tilgangi að pressa verð niður hjá öðrum endurskoðunarfyrtækjum.

Í **spurningu 3** var kannað af hvaða ástæðum var stuðst við útboð. Aðeins þeir sem svöruðu spurningu 2 játandi svöruðu þessari spurningu. Gefinn var kostur á því að haka við fleiri en einn svarmöguleika.



Mynd 8. Ástæður fyrir notkun útboða


Ellefu svöruðu spurningu um af hverju stuðst var við útboð. Flestir segja ástæðu þess vera aukna formfestu og aukna samanburðarhæfni tilboða og á eftir kemur til að tryggja besta verð.

Viðmælendur voru spurðir út í ástæður fyrir notkun útboða. Endurskoðandi A taldi gagnsæi gegnum allt ferlið hvað mikilvægast á Íslandi vegna smæðar og þar sem tengsl milli einstaklinga eru auðrekanleg ásamt því að útboð gæti dregið úr óhefðbundnum verkferlum og þeirri hættu að þau séu notuð eingöngu í þeim tilgangi að pressa niður verð milli endurskoðunarfyrtækja. Þessu til viðbótar þykir honum að upplýsingar um þóknunir til endurskoðenda eigi að vera birtar í ársreikningi, að allt sé uppi á borðunum. Endurskoðanda B fannst allar uppgefnar ástæður raunhæfar en fyrst og fremst það að geta borið saman þá þjónustu sem fyrirtækin bjóða upp á, til dæmis hæfi endurskoðunarteymis og reynslu. Horfa mætti til þess að lægsta verðið í krónum talið væri endilega ekki það besta.

Ekki voru stjórnarmenn spurðir út í kosti og galla útboða en endurskoðandi A telur gagnsæi númer eitt, tvö og þrjú þegar talið berst að kostum útboða. Hann segir: „Endurskoðendur verða að gæta þess að bjóða ekki of lágt í verkið til þess að ná kúnnanum, því samkvæmt lögum þá þurfa endurskoðendur að bjóða þá upphæð sem þarf til þess að vinna verkið nægjanlega vel svo hægt sé að komast að rökstuddri niðurstöðu“. Endurskoðandi B telur kostina ótvíræða ef rétt er staðið að útboði og það vandlega unnið. Hann segir: „Þú kynnist teyminu (endurskoðunarteyminu) sem kemur til með að vinna með þér (einingunni), þú áttar þig betur á umfangi vinnunnar og skipulagningu, þú getur metið hæfi og reynslu þeirra sem koma að verkinu og þú getur borið saman verð á þeirri þjónustu sem er í boði“. Báðir voru

Þeir sammála um að útbod á endurskoðunarþjónustu hefði ekki marga galla ef rétt væri staðið að því, jákvætt væri að skapa samkeppni á þessum markaði eins og öðrum sem útbod gerir vissulega, en því miður virðist vera að þau séu, að minnsta kosti enn sem komið er, oft notuð til þess að pressa verð mótaðila niður. Endurskoðandi A telur þá hættu geta skapast í útbodi að fyrirtækin einblíni of mikið á verð án þess að horfa til annarra mikilvægra þátta sem endurskoðunarfyrirtækið getur boðið upp á og tekur endurskoðandi B í sama streng og segir það eigi til að vera svo að endurskoðunarfyrirtæki bjóði einfaldlega of lágt og þrýsti verði niður fyrir eðlilegt verð og jafnvel svo langt niður að erfitt sé að sjá að verkefnið sé arðbært. Bætir hann því við að til að vinna þetta uppi geti verið að endurskoðunarfyrirtækið reyni að vinna sér inn tekjur með því að taka að sér aukaverkefni fyrir eininguna, en takmörkun er á því hvaða vinnu endurskoðunarfyrirtæki mega sinna annarri en ytri endurskoðun fyrir einingar tengdar almannahagsmunum.

Í **spurningu 4** var spurt hvaða form útboða var notað við val á nýju endurskoðunarfyrirtæki.




Mynd 9. Form útboða

Í flestum tilfellum er um lokað útbod að ræða, eða 82%.

Hvað tegund útboða varðar þá telur endurskoðandi A að almennt útbod eigi að vera notað til þess að smærri endurskoðunarfyrirtæki sitji við sama borð og þau stærri, að gætt sé að í raun sé enginn aðili sé útilokaður frá útbodinu í upphafi. Eftir það má vera að komi til forvals og þá eru þeir sem ekki eru hæfir til að sinna verkinu teknir út fyrir sviga. Endurskoðandi B telur bæði formin eiga rétt á sér, en hann bendir á að opinber fyrirtæki eigi að styðjast við almenn útbod svo ekki sé verið að útiloka ákveðna aðila fyrirfram en þar á eftir sé eðlilegt að setja

ákveðnar kröfur til endurskoðunarfyrirtækis svo sem ákveðinnar reynsla eða alþjóðlegrar tengingar.

Í **spurningu 5** var leitað eftir því hvaða þátta ætti að horfa til við val á nýju endurskoðunarfyrirtæki.




Mynd 10. Ráðandi þættir við val á endurskoðunarfyrirtæki

Flestir telja að þekking og reynsla auk gæða séu þeir þættir sem vegi hvað þyngst við valið. Kostnaður kemur þar næstur á eftir en svo virðist sem lengd viðskiptasambands skipti hvað minnstu máli.

Endurskoðandi A telur grunnþætti gæða endurskoðunar vera í fyrsta lagi þekking, „það er hæfni endurskoðanda til að greina áhættur í reikningsskilum“ og í öðru lagi óhæði, „það er að endurskoðandi sé líklegur til að upplýsa um verulegar villur í ársreikningi ef hann verður þeirra var“. Hann segir jafnframt: „Til þess að tryggja gæði endurskoðunar er því nauðsynlegt að þeir sem komi að ráðningu endurskoðenda horfi til þessara tveggja þátta“. Endurskoðandi A raðar „þekkingu og reynslu“ númer eitt, „lengd viðskiptasambands“ númer tvö og „ímynd og orðspori“ númer þrjú. Endurskoðandi B raðar þáttunum í eftirfarandi röð: Gæði, þekking og reynsla, ímynd og orðspor, kostnaður, aðgengi og þjónustustig, lengd viðskiptasambands og stærð endurskoðunarfyrirtækis.


Í **spurningu 7** var spurt á hvaða formi tillaga um val á endurskoðunarfyrirtæki væri lögð fyrir stjórn.



Mynd 11. Form tillögu við val á endurskoðunarfyrtæki

Tíu stjórnarmenn svara þessari spurningunni á þá leið að rökstudd tillaga til stjórnar um eitt endurskoðunarfyrtæki sé það form sem notað er.


Í **spurningu 8** var kannað hvort útskiptireglur væru í gildi hjá félaginu og hver árafjöldi væri milli útskipta.



Mynd 12. Útskiptireglur

Alls 69%, eða níu einingar styðjast við slíkar reglur og af þeim sjö sem tiltóku árafjölda hafa sex fimm ára útskiptireglu og einn er með sjö ár.

Því næst var skoðað í **spurningu 9** hvort það væri álit stjórnarmanna að lögbundin útskipti ættu að vera til staðar hjá einingum tengdum almannahagsmunum.




Mynd 13. Lögbundin útskipti hjá einingum tengdum almannahagsmunum

Ellefu af þrettán, eða 85%, telja að lögbundin útskipti ættu að vera til staðar.

Viðmælendur sammælast um að lögbundin útskipti endurskoðunarfyrirtækja hjá einingum tengdum almannahagsmunum séu til staðar. Álit endurskoðanda A er að þær reglur sem eru í gildi hjá fjármálafyrirtækjum, það er að segja lögbundin útskipting á fimm ára fresti, ættu að vera til staðar og gildandi hjá öllum einingum tengdum almannahagsmunum. Endurskoðandi B telur viðmiðin eiga vel við og að þau taki til mikilvægra fyrirtækja í samfélaginu sem geta haft víðtæk áhrif á samfélagið í heild, hans skoðun er að víkka mætti hugtakið „einingar tengdar almannahagsmunum“ yfir til sveitarfélaga ásamt öðrum fyrirtækjum eða stofnunum í opinberri eigu þar sem sýslað er með almannafé.

Í **spurningu 10** var leitað eftir þeim árafjölda sem hafa ætti til viðmiðunar í lögbundinni útskiptingu endurskoðunarfyrirtækis.




Mynd 14. Árafjöldi til viðmiðunar í lögbundinni útskiptingu

Nokkuð jöfn dreifing var á svörum milli þriggja valmöguleika, 36% töldu fimm ár vera viðmiðunartíma, 27% sjö ár og 36% tíu ár.

Endurskoðandi A telur fimm ár þann viðmiðunarárfjölda sem ætti að vera til staðar hjá einingum tengdum almannahagsmunum en endurskoðandi B telur tíu ár hæfilegan tíma. Hann nefnir máli sínu til stuðnings að oft taki það endurskoðunarfyrtæki tvö til þrjú ár að komast almennilega inn í nýtt verkefni svo það sé hagkvæmt, skilvirkt og arðbært fyrir endurskoðunarfyrtækið að vinna það vel.

Spurning 11 kannaði hug stjórnarmanna til lágmarksráðningartíma endurskoðunarfyrtækis.



Mynd 15. Lágmarksráðningartími

Meirihluti svarenda, 69%, telur að ekki eigi að horfa til lágmarkstíma þegar kemur að ráðningu endurskoðunarfyrtækis. En fjórir stjórnarmenn þrettán eininga telja að horfa eigi til lágmarksráðningartíma. Í þremur tilfellum kom upp lágmarksárafjöldinn fimm ár, en í einu tilfelli tvö ár.

Lágmarksráðningartími endurskoðunarfyrtækis er ekki mikið til umræðu en að mati endurskoðenda A og B telja þeir báðir að horfa ætti til lágmarkstíma á ráðningu nýs endurskoðunarfyrtækis og telja þeir fimm ár heppilegan árafjölda. Báðir sjá þeir ótvírætt hagræði í lágmarksráðningartíma fyrir endurskoðunarfyrtækið sjálft og segir endurskoðandi A að endurskoðunarfyrtæki starfi faglega og geti lagt verkefnið upp til lengri tíma. Endurskoðandi B telur að með lágmarksráðningartíma séu tekjur endurskoðunarfyrtækisins tryggðar í lengri tíma og þannig geti endurskoðandinn betur einbeitt sér að starfinu og eigi ekki á hættu að missa verkefnið ef upp kemur til að mynda ósætti milli endurskoðunarteymis og stjórnenda einingarinnar, þetta tryggir jafnframt óhæði endurskoðanda að hans mati. Endurskoðandi B telur einnig ákveðið hagræði í lágmarksráðningartíma fyrir eininguna sjálfa því meiri skilvirkni verður í starfi endurskoðandans eftir því sem lengra líður á starfstíma hans og hann lærir betur inn á eininguna. Hvorki endurskoðandi A né B sjá óhagræði í lágmarksráðningartíma fyrir endurskoðunarfyrtækið sjálft en þeir nefndu að óhagræði gæti verið fyrir eininguna að ákveðin sérþekking hvað starfsemi fyrirtækisins varðar tapist þegar nýtt endurskoðunarfyrtæki tekur við og fyrirtækinu gæti fundist það bundið eða lítið sveigjanlegt að skipta ef upp kemur ósætti milli endurskoðunarfyrtækis og stjórnar. Þegar stjórnarmenn fengu sömu spurningu eru 75% sem segja „nei“ en aðeins þrír svarenda, eða 25% sem svara þessu játandi, þeir nefna einnig fimm ár sem heppilegan árafjölda.

5 Umræður

Í umræðukaflanum verður leitast við að svara þeim rannsóknarspurningum sem lagðar voru fram í upphafi. Rannsóknarspurningarnar voru tvær og verður því umræðukaflanum að sama skapi skipt í tvennt. Svörin við rannsóknarspurningunum verða rökstudd með vísan í bæði fræðilega hluta ritgerðarinnar og rannsóknarhlutann.

Rannsóknarspurning 1

Er rétt að lögbinda útskipti endurskoðunarfyrirtækja hjá einingum tengdum almannahagsmunum og til hvaða tímaramma er rétt að horfa í þeim efnum?

Fagaðilar ásamt fræðimönnum, héraendis og erlendis, hafa skoðað hugmyndina og fræðin að baki lögbundnum útskiptum á endurskoðunarfyrirtækjum. Innan fræðafélagsins hafa helst verið skoðuð áhrif á gæði, óhæði og kostnað. Í rannsókn Cameran, Vincenzo og Merlotti (2005) eru teknar saman þær rannsóknir og umfjallanir sem framkvæmdar hafa verið á þessu sviði. Í samantekt þeirra voru skoðaðar þrjátíu og þrjár rannsóknir á áhrifum lögbundinna útskipta og voru niðurstöður einungis tíu rannsókna fylgjandi lögbindingu. Það sem er ekki síður áhugavert í rannsókninni er sú staðreynd að af þeim tuttugu og sex skýrslum sem skoðaðar voru og byggðu á mismunandi löggjöf (*regulators*) voru aðeins fjórar af þeim sem studdu lögbundin útskipti. Eins og fram kemur í fræðilegum hluta ritgerðarinnar þá virðast vera vísbendingar um að síður reyni á óhæði endurskoðenda ef lögbundin útskipti eru til staðar. Hins vegar séu neikvæð áhrif á gæði og kostnað það mikil að þau séu meiri en jákvæð ef á heildina er litið. Af því má draga þá ályktun að fræðimenn séu almennt á því að lögbundin útskipti séu ekki til bóta. Eins og fram kemur í fræðilega kaflanum þá hafa verið gerðar ýmsar viðhorfskannanir hjá stjórnendum fyrirtækja sem og endurskoðendum á lögbundnum útskiptum. Hussay og Lan (2001) könnuðu viðhorf breskra fjármálastjóra og kom í ljós að um 60% þeirra voru mótfallnir lögbundnum útskiptum. Könnun General Accounting Office (2003) leiddi til sömu niðurstöðu en þar voru 616 endurskoðunarfyrirtæki og fyrirtæki sem mynda Fortune 1000 beðin að meta áhrif af lögbundnum útskiptum. Út frá ofangreindum niðurstöðum má segja að markaðsaðilar stærri markaðssvæða erlendis séu mótfallnir hugmyndinni og séu þeirrar skoðunar að henni fylgi talsverður kostnaður. Niðurstöður rannsóknarhluta verkefnisins þar sem meðal annars var skoðað viðhorf héraendis á lögbundnum útskiptum hjá einingum tengdum almannahagsmunum var nokkuð á skjön við skoðun fræðimanna og fagaðila erlendis. Það var mat 85% stjórnarmanna, eða ellefu af

þrettán, að lögbundin útskipti ættu að vera til staðar. Þá töldu fjórir stjórnarmanna rétt að hámarkstími, þegar kæmi að slíkum útskiptum, ætti að vera fimm ár, þrjú töldu sjö ár henta best og fjórir töldu að slíkur hámarkstími ætti að vera tíu ár. Viðmælendur í viðtalsrannsókn voru einnig fylgjandi lögbundnum útskiptum hjá einingum tengdum almannahagsmunum og er annar viðmælenda á þeirri skoðun að víkka ætti út skilgreininguna á einingum tengdum almannahagsmunum yfir til fyrirtækja og stofnana í opinberri eigu.

Niðurstaðan er þannig nokkuð skýr þó hún sé í raun tvíþætt. Fagaðilar og fræðimenn erlendis virðast þeirrar skoðunar að neikvæð áhrif sem fylgja lögbundnum útskiptum séu meiri en jákvæð á sama tíma og innlendir aðilar telja að slík útskipti eigi að vera til staðar. Niðurstaða rannsóknarhlutans er hins vegar sú að innlent viðhorf er mjög jákvætt gagnvart lögbundnum útskiptum og stangast þannig á við erlent viðhorf og fræðilegar rannsóknir. Mögulegar skýringar á þessum mun er hægt að lesa úr rannsóknnum Gietzman og Sen (2002) sem benda á að markaðsaðstæður hverju sinni kunni að stýra því hvort ábati af lögbundnum útskiptum sé meiri en kostnaður. Í grunnnum mörkuðum kunni ábati af auknu óhæði að vera meiri en kostnaður. Ekki er þannig hægt að útiloka að smæð íslensks markaðar myndi þannig sérstöðu sem skýrir að viðhorf hérlendis er á skjön við erlendar rannsóknir og viðhorf. Þá kann einnig að vera að markaðsaðilar hérlendis leggi meira upp úr óhæði í ásýnd en erlendis og er það í samhengi við áföll sem innlent atvinnulíf hefur nýverið gengið í gegnum.

Rannsóknarspurning 2

Styðjast einingar tengdar almannahagsmunum við útboð að undangengnu vali á endurskoðunarfyritæki og til hvaða þátta er horft í slíku vali?

Eins og fram kemur í fræðilega inngangi ritgerðarinnar eru fagaðilar erlendis í auknum mæli farnir að leggja áherslu á faglega og skipulega nálgun við val á endurskoðunarfyritækjum. Er þannig lagt mikið upp úr því að stuðst sé við útboð að undangengnu vali samanber tillögur FEE í Evrópu og FRC í Bretlandi. Í könnun FEE (2013) sem send var 244 hagsmunaaðilum höfðu 110 nýlega verið þátttakendur í vali á endurskoðanda og af þeim höfðu um 80% farið í gegnum fyrirfram skilgreint ferli við valið. Ástæður þess að fagaðilar horfa í auknum mæli til útboða við val á endurskoðendum eru í einhverjum tilvikum lögbundin skylda, í öðrum góðir stjórnarhættir þar sem tryggja á gagnsæi, sjálfstæði og óhæði og í enn öðrum hagræðissjónarmið þar sem reynt er að ná fram tíðara mati á endurskoðendum og þjónustu þeirra. Talsvert er lagt upp úr því að ferlið sé formfast, gagnsætt og faglegt. Bæði FEE og

FRC leggja til að notaðar séu valnefndir eða endurskoðunarnefnd og að lögð sé áhersla á sjálfstæði hennar frá stjórnendum félagsins sjálfs. Þá virðast bæði FEE og FRC leggja til að fram fari forval og þannig í reynd lokað útboð. Ferlið þarf að vera bæði vel skilgreint og gagnsætt en aukinheldur er mikilvægt að þeir matsþættir sem lagðir eru til grundvallar endanlegri ákvörðun séu vel ígrundaðir. Eins og fram kemur í fræðilegum kafla ritgerðarinnar hafa bæði FEE og FRC búið til vegvísa um bestu framkvæmd útboða og í þeim má finna dæmi um matsþætti sem kann að vera rétt að horfa til við valið. Ýmsir matsþættir sem lagðir eru til eru áþekkir milli þessara tveggja eininga og til að mynda telja báðir aðilar mikilvægt að endurskoðandi hafi gott teymi, skilning á fyrirtækinu og atvinnugreininni ásamt því að vera með gott orðspor. Í könnun FEE (2013) var einnig spurt hvaða þættir ættu að vera ráðandi við val á nýju endurskoðunarfyrirtæki og svarendum gefnir átján valkostir. Niðurstöðurnar voru þær að þeir fjórir þættir sem oftast voru settir í fyrsta eða annað sæti yfir mikilvægi voru; gæði endurskoðunarfyrirtækis í reynd og ásýnd, þekking á fyrirtækinu og atvinnugreininni og óhæði og orðspor á innlendum markaði. Segja má að niðurstöður könnunarinnar séu miklu leyti verið í samræmi við leiðbeiningar FEE og FRC. Hérlandis hefur Félag löggiltra endurskoðenda gefið út vegvísi að bestu framkvæmd útboða og er ágætur samhljómur með honum og leiðbeiningum FEE og FRC. FLE leggur þannig áherslu á að matsþættir við val á endurskoðunarfyrirtæki taki til meðal annars; reynslu og þekkingar endurskoðunarteymis, reynslu og orðspors endurskoðunarfyrirtækis á sambærilegum verkefnum, óhæðis og þóknunar. Niðurstöður rannsóknarhluta verkefnisins þar sem meðal annars var spurt út í ferlið við val á endurskoðanda og hvaða matsþættir réðu mestu um niðurstöðuna eru í góðu samræmi við tillögur fagaðila í þessum efnum. Báðir endurskoðendur og yfir 80% stjórnenda svöruðu því að við val á nýju endurskoðunarfyrirtæki hafi verið stuðst við lokað útboð. Þegar kom að því að raða matsþáttum í röð eftir mikilvægi þá skoruðu þekking og reynsla, gæði og kostnaður hæst meðal stjórnenda. Meðal efstu tveggja þátta hjá báðum endurskoðendum voru þekking, reynsla, ímynd og orðspor.

Niðurstaðan er þannig nokkuð afdráttarlaus. Fagaðilar, bæði innlendir og erlendir, leggja til að farin sé leið útboðs við val á endurskoðunarfyrirtæki. Mikið er lagt upp úr formfestu, gagnsæi og faglegum vinnubrögðum. Reyndin hérlandis er sú að stærri fyrirtæki virðast hafa tekið upp útboð sem leið til að velja endurskoðunarfyrirtæki. Þá virðist einnig sem innlendir aðilar hagi útboðsferli sínu að miklu leyti í anda þess sem lagt er til af fagaðilum og horfi einnig til þeirra matsþátta sem hvað mesta gildi hafa.

Heimildaskrá

- Armistead, L. (2013, 22. júlí). Audit contracts must be put up for tender every five years, says competition commission. *The Telegraph*. Sótt 2. apríl 2015 af <http://www.telegraph.co.uk/finance/newsbysector/banksandfinance/10195584/Audit-contracts-must-be-put-up-for-tender-every-five-years-says-Competition-Commission.html>
- Arrunada, B. og Paz-Ares, G. (1997). Mandatory rotation of company auditors: A critical examination. *International Review of Law and Economics*, 17(1), 31-61.
- Aslan, O. (2012). *Mandatory audit firm rotation: A cure or a placebo?* (Meistararitgerð). Tilburg University, Lögfræðideild. Sótt 19. apríl 2015 af <http://arno.uvt.nl/show.cgi?fid=128368>
- Cameran, M., Di Vincenzo, D. og Merlotti, E. (2005). The audit firm rotation rule: A review of the literature. *SDA Bocconi Research Paper*. Sótt 20. mars 2015 af http://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract_id=825404
- Cooper, R. og Schindler, S. (2008). *Business Research Methods*. New York: McGraw-Hill.
- DeAngelo, L. E. (1981). Auditor size and audit quality. *Journal of Accounting and Economics*, 3(3), 183-199. doi:10.1016/0165-4101(81)90002-1
- Deloitte. (2014). *Skýrsla um gagnsæi 2014: Aukinn sýnileiki*. Sótt 26. apríl 2015 af <http://www2.deloitte.com/content/dam/Deloitte/is/Documents/about-deloitte/skyrsla-um-gagnsaei-2014.pdf>
- Dopuch, N., King, R. R. og Schwartz, R. (2000). An experimental investigation of retention and rotation requirements. *Journal of Accounting Research*, 39(1), 93-117.
- Eilifsen, A., Messier JR., W. F., Glover, S. M. og Prawitt, D. F. (2014). *Auditing & assurance services*. London: McGrawHill Education.
- Federation of European Accountants. (2013, október). *Auditor selection: Towards best practices*. Sótt 15. apríl 2015 af http://www.fee.be/images/Auditor_selection_Towards_best_practices_1310.pdf

- Félag löggiltra endurskoðenda (2011a). *Endurskoðandinn, umhverfi, hlutverk, ábyrgð*. Reykjavík: Höfundur.
- Félag löggiltra endurskoðenda (2011b). *Siðareglur fyrir endurskoðendur*. Reykjavík: Höfundur.
- Félag löggiltra endurskoðenda. (2013). *Útboð endurskoðunarþjónustu, vegvísir*. Reykjavík: Höfundur.
- Financial Reporting Council. (2013, júlí). *Audit tenders: Notes on best practice*. London: Höfundur. Sótt 2. apríl 2015 af <https://www.frc.org.uk/Our-Work/Publications/Corporate-Governance/Audit-Tenders-Notes-on-best-practice.pdf>
- General Accounting Office [GAO]. (2003, nóvember). Public accounting firms: Required study on the potential effects of mandatory audit firm rotation. Sótt 2. apríl 2015 af <http://www.gao.gov/new.items/d04216.pdf>
- Gietzmann, M. B. og Sen, P. K. (2002). Improving auditor independence through selective mandatory rotation. *International Journal of Auditing*, 6(2), 183-210.
doi:10.1111/j.1099-1123.2002.tb00012.x
- Harris, K. (2012). *Mandatory audit rotation: An international investigation* (Doktorsritgerð). University of Houston, Viðskiptadeild. Sótt 20. mars 2015 af <http://repositories.tdl.org/uh-ir/bitstream/handle/10657/ETD-UH-2012-05-372/HARRIS-.pdf?sequence=2>
- Hussey, R. og Lan, G. (2001). An examination of auditor independence issues from the perspectives of U.K. finance directors. *Journal of Business Ethics*, 32(2), 169-178.
- Jackson, A. B., Moldrich, M. og Roebuck, P. (2008). Mandatory audit firm rotation and audit quality. *Managerial Auditing Journal*, 23(5), 420-427.
doi:10.1108/02686900810875271
- Jón Rafn Ragnarsson. (2009, 17. febrúar). Óhæði endurskoðenda. *Morgunblaðið*, bls. 18.
- Landsbankinn hf. (e.d.). *Endurskoðunarnefnd*. Sótt 3. apríl 2015 af <http://www.landsbankinn.is/um-bankann/stjornarhaettir/bankarad/serstakar-starfsnefndir/endurskodunarnefnd/>

Lög um ársreikninga nr. 3/2006.

Lög um endurskoðendur nr. 79/2008.

Lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Lög um framkvæmd útboða nr. 65/1993.

Lög um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010.

Margret G. Flóvenz. (2009, 21. nóvember). Hlutverk endurskoðenda. *Morgunblaðið*, bls. 30.

Ómar Gunnar Ómarsson. (2015). Nær öll fyrirtæki á Íslandi eru lögum samkvæmt undanþegin endurskoðun. *FLE blaðið*, 37(1), 31-33.

PricewaterhouseCoopers. (2015a, febrúar). *EU audit reform: Mandatory firm rotation* (Fact sheet 1). Sótt 3. apríl 2015 af <http://www.pwc.com/gx/en/audit-services/publications/assets/pwc-fact-sheet-1-summary-of-eu-audit-reform-requirements-relating-to-mfr-feb-2015.pdf>

PricewaterhouseCoopers. (2015b, febrúar). *EU audit reform: Public interest entities (PIEs)* (Fact sheet 5). Sótt 3. apríl 2015 af <http://www.pwc.com/gx/en/audit-services/publications/assets/pwc-fact-sheet-5-eu-audit-reform-definition-of-pie-feb-2015.pdf>

Proxima. (e.d.). *The audit market is changing more than meets the eye*. Sótt 2. apríl 2015 af http://insight.proximagroup.com/hs-fs/hub/28326/file-2097050646-pdf/2014_Audit_Services/Proxima_-_audit_market_infographic.pdf

PwC. (2015). *Endurskoðun reikningsskila*. Reykjavík: Höfundur.

Sigurður M. Jónsson. (2014, 30. október). Útboð á endurskoðunarþjónustu. *Viðskiptablað Morgunblaðsins*, bls. 12.

Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Stefán Svavarsson. (2010). Enginn sá kerfishrunið fyrir. *Tímarit Háskólans í Reykjavík*, 2(1), 46-48.

Sturla Jónsson. (2014, 24. apríl). Breytingar á Evrópulöggjöf um endurskoðun.

Viðskiptablaðið. Sótt 5. apríl 2015 af [http://www.vb.is/skodun/104521/?q=Breytingar á Evrópulöggjöf um endurskoðun](http://www.vb.is/skodun/104521/?q=Breytingar%20%C3%A0%20Evr%C3%B3pul%C3%B6ggj%C3%B6f%20um%20endursko%C3%B0un)

Vátryggingafélag Íslands hf. (2015, 28. janúar). *Undirnefndir stjórnar*. Sótt 3. apríl 2015 af

http://vis.is/library/Fjarfestingatengsl/Fjarhagsupplysingar/2015/lokagogn/Starfsreglur_endursknefndar_VÍS_2015.pdf

Þorlákur Karlsson. (2003). Spurningakannanir: Uppbygging, orðalag og hættur. Í Sigríður

Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 51-66). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Þórunn Þorleifsdóttir. (2008). *Upplifun á alzheimerssjúkdómi frá sjónarhorni sjúklinganna:*

Fræðileg úttekt (BA-ritgerð). Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild. Sótt 3. apríl 2015 af <http://hdl.handle.net/1946/2192>

Viðauki A: Spurningalisti til stjórnarmanna

1. Hvaða endurskoðunarfyrirtæki starfar fyrir félagið í dag?

- Deloitte
- Ernst & Young
- Grant Thornton
- KPMG
- PricewaterhouseCoopers
- Annað, þá hvað? _____

2. Var stuðst við útboð, að undangengu vali, við síðustu skipti á endurskoðunarfyrirtæki?

- Já
- Nei

Ef nei, hvaða ástæður lágu að baki: _____

3. Ef stuðst var við útboð af hverju var slíkt gert?

Velja má fleiri en einn valmöguleika

- Aukin formfesta og aukin samanburðarhæfni tilboða
- Eykur getu til að meta raunhæfi tilboða
- Gagnsæi
- Tryggja besta verð
- Annað, þá hvað? _____

4. Ef stuðst var við útboð á hvaða formi var útboðið?

- Almenn útbod (*Ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefinn kostur á að gera tilboð*)
- Lokað útbod (*Tilteknum aðilum er einum gefinn kostur á að gera tilboð*)
- Annað, þá hvað? _____

5. Hvaða þættir eru ráðandi þegar kemur að vali á nýju endurskoðunarfyrtæki?

Vinsamlega merktu númer 1 það sem er mikilvægast þegar kemur að vali á endurskoðunarfyrtæki, 2 það sem er næst mikilvægast og svo framvegis.

	Aðgengi og þjónustustig
	Gæði
	Ímynd og orðspor
	Kostnaður
	Lengd viðskiptasambands
	Stærð endurskoðunarfyrtækis
	Þekking og reynsla

6. Hvaða aðra þjónustu telur þú mikilvægt að ytri endurskoðandi veiti umfram hefðbundna endurskoðun ársreikninga og árshlutareikninga?

Velja má fleiri en einn valmöguleika

- Verðmatsþjónustu
- Framtalsaðstoð
- Skattaskipulagningu og aðra skattaráðgjöf
- Annað, þá hvað? _____

7. Samkvæmt lögum um ársreikninga (nr. 3/2006) skal endurskoðunarnefnd leggja fram tillögu um val á endurskoðunarfyrtæki. Á hvaða formi er slík tillaga lögð fyrir stjórn?

- Tillaga til stjórnar um eitt endurskoðunarfyrtæki, ásamt rökstuðningi, til samþykktar
- Tillaga til stjórnar um fleiri en eitt endurskoðunarfyrtæki, ásamt rökstuðningi, til að velja úr
- Lögð eru fram öll tilboð ásamt mati endurskoðunarnefndar og valið í höndum stjórnar
- Annað, þá hvað? _____

8. Eru útskiptireglur í gildi hjá félaginu?

- Já, _____ ár. (Fjöldi ára)
- Nei

9. Telur þú að lögbundin útskipti endurskoðunarfyrirtækja eigi að vera til staðar hjá fyrirtækjum tengdum almannahagsmunum?

- Já
- Nei

10. Ef svar þitt við spurningu 9 var „já“, hvaða árafjölda telur þú að eigi að hafa til viðmiðunar í lögbundinni útskiptingu hjá fyrirtækjum tengdum almannahagsmunum?

- 5 ár (*Lögbundin útskipting tryggingarféлага og fjármálafyrirtækja*)
- 7 ár
- 10 ár (*Lögbundin útskipting eininga tengdum almannahagsmunum skv. reglum ESB*)
- Annað, þá hvað? _____ ár.
- Hef ekki skoðun á tímalengd

11. Telur þú að horfa eigi til lágmarks tíma á ráðningu nýs endurskoðunarfyrirtækis?

- Já, _____ ár. (*Fjöldi ára*)
- Nei

Viðauki B: Viðtal við löggilta endurskoðendur

1. Finnst þér að fyrirtæki ættu að styðjast við útböð að undangengu vali á endurskoðunarfyrirtæki?

- Já
- Nei

2. Af hvaða ástæðum ættu fyrirtæki að nota útböð að undangengnu vali á endurskoðunarfyrirtæki?

(Dæmi: Aukin formfesta / Auðveldari samanburður / Gagnsæi / Besta verð)

3. Hverjir eru að þínu mati helstu kostir og gallar við notkun útböða við val endurskoðenda?

Svar:

4. Ef stuðst er við útböð á hvaða formi telur þú að slíkt útböð eigi að vera?

- Almenn útböð (*Ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefinn kostur á að gera tilboð*)
- Lokað útböð (*Tilteknum aðilum er einum gefinn kostur á að gera tilboð*)
- Annað, þá hvað? _____

5. Til hvaða þátta ættu stjórnendur eininga tengdum almannahagsmunum (bankar, tryggingafélög, skráð félög og lífeyrissjóðir) að horfa þegar kemur að vali á nýju endurskoðunarfyrirtæki?

Vinsamlega merktu númer 1 það sem er mikilvægast þegar kemur að vali á endurskoðunarfyrirtæki, 2 það sem er næst mikilvægast og svo framvegis.

	Aðgengi og þjónustustig
	Gæði
	Ímynd og orðspor
	Kostnaður
	Lengd viðskiptasambands
	Stærð endurskoðunarfyrirtækis
	Þekking og reynsla

Aðrir þættir sem huga ætti að og mikilvægi:

6. Telur þú að lögbundin útskipti endurskoðunarfyrirtækja eigi að vera til staðar?

Já

Nei

7. Hvert er álit þitt á lögbundnum útskiptum endurskoðunarfyrirtækja?

(Eiga viðmiðin vel við ? Ættu þau að ná til fleiri eða færri fyrirtækja ? Telur þú þau til bóta fyrir óhæði og gæði endurskoðunar)

8. Ef þú ert fylgjandi lögbundinni útskiptingu hvaða árafjölda telur þú að eigi að hafa til viðmiðunar í lögbundinni útskiptingu hjá fyrirtækjum tengdum almannahagsmunum?

5 ár (*Lögbundin útskipting tryggingarféлага og fjármálafyrirtækja*)

7 ár

10 ár (*Lögbundin útskipting eininga tengdum almannahagsmunum skv. reglum ESB*)

Annað, þá hvað? _____ ár.

9. Telur þú að horfa eigi til lágmarkstíma á ráðningu nýs endurskoðunarfyrirtækis?

Já, _____ ár. (*Fjöldi ára*)

Nei

10. Telur þú að horfa eigi til lágmarks tíma á ráðningu nýs endurskoðunarfyrirtækis?

Getur þú nefnt (einn eða fleiri) kosti eða ókosti þess að endurskoðunarfyrirtæki yrði ráðið í lágmarks tíma hjá nýju fyrirtæki?

11. Hvert er hagræðið að lágmarksráðningartíma fyrir:

a) Endurskoðunarfyrirtækið (skrifstofuna)

b) Viðskiptavininn (eininguna)

12. Hvert er óhagræðið að lágmarksráðningartíma fyrir:

a) Endurskoðunarfyrirtækið (skrifstofuna)

b) Viðskiptavininn (eininguna)

Viðauki C: Fylgibréf með spurningalista til stjórnarmanna

Kæri viðtakandi,

Þessi póstur er sendur til þín vegna stjórnarsetu þinnar í XXXX.

Ég vil byrja á að þakka þér kærlega fyrir að gefa þér tíma í að lesa eftirfarandi póst.

Ég heiti Kristín Jónsdóttir og er nemandi í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík. Ég er að vinna að B.Sc. lokaverkefni sem fjallar um hvaða þættir eru ráðandi hjá félögum þegar kemur að vali á endurskoðunarfyrtæki og hvaða leiðir eru notaðar í útskiptingu á endurskoðunarfyrtæki. Listinn er sendur til banka (3), tryggingafélaga (3), lífeyrissjóða (5) og fyrirtækja á markaði (5).

Mér þætti vænt um ef þú gætir gefið þér örfáar mínútur í að svara meðfylgjandi spurningalista en það myndi gefa niðurstöðum ritgerðarinnar aukið vægi. Spurningalistinn er eingöngu sendur til 16 fyrirtækja og skiptir því hvert svar gífurlega miklu máli fyrir niðurstöður verkefnisins.

Spurningalistinn inniheldur 11 spurningar sem allt eru krossaspurningar, hálf lokaðar í einhverjum tilfellum svo þátttakandi geti komið á framfæri eigin svari ef svarmöguleikarnir eru ekki viðeigandi. Ég vil vinsamlega biðja þig að svara spurningunum af hreinskilni og skila spurningalistanum svo til baka sem viðhengi í tölvupósti.

Fyllsta trúnaði er heitið við öflun og úrvinnslu gagna við gerð þessarar rannsóknar. Ef einhverjar spurningar vakna við svörun listans endilega hafðu þá samband:

Netfang: kristinjon08@ru.is

Sími: 690-8796

Með fyrirfram þökk og von um þína þátttöku.

Virðingarfyllst,

Kristín Jónsdóttir